

# Réttritun.is

## Ritreglur

**Réttitun.is****Ritreglur**

Anton Karl Ingason

Reykjavík 2006

Sérstök ráðgjöf: Ólafur Víðir Björnsson, cand. mag.

Uppsetning: Anton Karl Ingason

Bókin er vefbók gefin út á slóðinni: [www.rettitun.is](http://www.rettitun.is)

Slóð fyrir eldri hugbúnað: [www.rettitun.is](http://www.rettitun.is)

Bók þessa má afrita með öllum mögulegum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt að hluta eða í heild án leyfis höfundar. Bókina má þó ekki nota í hagnaðarskyni og ekki má byggja önnur verk á henni án samþykkis höfundar. Geta verður uppruna efnisins, Réttitun.is, sé það notað.

Lagalegur fyrirvari: <http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/2.5/>

# Efni

|  |           |
|--|-----------|
| <b>1. STÓR EÐA LÍTILL STAFUR.....</b>  | <b>5</b>  |
| STÓR STAFUR Í UPPHAFI MÁLSGREINAR .....  | 5         |
| SÉRNÖFN SKAL RITA MEÐ STÓRUM STAF .....  | 5         |
| NAFNORÐ DREGIN AF SÉRNÖFNUM SKULU RITUÐ MEÐ STÓRUM STAF .....                    | 7         |
| ORÐ SEM SKEYTT ER FRAMAN VIÐ SÉRNAFN MEÐ BANDSTRIKI.....                         | 8         |
| STYTT EÐA BREYTT NAFN STOFNUNAR .....  | 8         |
| TUNGUMÁLAHEITI OG LÝSINGARORÐ SEM LÝSA ÞJÓÐERNI.....                             | 9         |
| VIÐURNEFNI SEM SKEYTT ER AFTAN VIÐ SÉRNAFN .....                                 | 9         |
| HEITI Á DÖGUM OG TÍMABILUM.....  | 9         |
| <b>2. N EÐA NN Í GREINI EÐA ENDINGU ORÐS .....</b>                               | <b>11</b> |
| NAFNORÐ MEÐ VIÐSKEYTTUM GREINI .....   | 11        |
| KARLKYNNAFNORÐ .....   | 11        |
| NÖFN KARLA .....   | 12        |
| KVENKYNNAFNORÐ.....  | 12        |
| NÖFN KVENNA.....   | 13        |
| HVORUGKYNNAFNORÐ .....   | 13        |
| LÝSINGARORÐ SEM ENDA Á -INN .....  | 14        |
| -AN REGLAN.....  | 14        |
| <b>3. HV EÐA KV .....</b>  | <b>15</b> |
| SPURNARORÐ OG ORÐ DREGIN AF ÞEIM .....   | 15        |
| MÉRKING RÆÐUR RITHÆTTI .....   | 15        |
| RITAÐ EINS OG SAMSVARANDI ORÐ Í DÖNSKU .....                                     | 16        |
| ÖNNUR ORÐ.....   | 17        |
| <b>4. TVÖFALDUR SAMHLJÓÐI .....</b>  | <b>18</b> |
| TVÖFALDUR SAMHLJÓÐI Á UNÐAN SAMHLJÓÐA EF STOFN EÐA RÓT GEFUR ÞAÐ TIL KYNNA ..... | 18        |
| ÞESSARA MEÐ R EN ANNARRA OG NOKKURRA MEÐ RR .....                                | 18        |
| FORNAFNID ÝMIS OG BEYGING ÞESS .....   | 19        |
| UM SS OG SSS Í SAMSETTUM ORÐUM.....  | 19        |
| SAGNIRNAR HYGGA, LEGGJA OG FINNA .....   | 20        |
| ÝMIS SNÚIN ORÐ.....  | 20        |
| <b>5. SÉRHLJÓÐAR Á UNÐAN NG OG NK.....</b>                                       | <b>21</b> |
| RITA SKAL GRANNAN SÉRHLJÓÐA Á UNÐAN NG OG NK NEMA UPPRUNI KREFJIST ANNARS .....  | 21        |
| <b>6. Y, Ý OG EY .....</b>   | <b>23</b> |
| RITA SKAL Y, ÞEGAR O, U EÐA JU ER Í SKYLDUM ORÐUM .....                          | 23        |
| Í 8 SÖGNUM ER Y AÐEINS Í VIÐTENGINGARHÆTTI ÞÁTÍÐAR.....                          | 24        |
| RITA SKAL Ý, ÞEGAR Ú, JÚ EÐA JÓ ER Í SKYLDUM ORÐUM .....                         | 25        |
| RITA SKAL EY ÞEGAR AU ER Í SKYLDUM ORÐUM.....                                    | 25        |
| Y SAMKVÆMT SKYLDLEIKA VIÐ NORRÆN MÁL. ....                                       | 26        |
| EKKI Y, Ý, EY EF HLJÓÐSKIPTIN Í-EI-I KOMA FYRIR .....                            | 26        |
| EKKI Y ÞAR SEM KLOFNING (E(I) > JA,JÓ) KEMUR FYRIR .....                         | 27        |
| NÖFN SEM BYRJA OG EI OG EY .....   | 27        |
| MÉRKING RÆÐUR RITHÆTTI .....   | 28        |
| LEGGJA Á MINNIÐ ORÐ MEÐ ÓLJÓSAN UPPRUNA .....                                    | 30        |
| VALFRJÁLS RITHÁTTUR .....  | 31        |
| <b>7. J EÐA EKKI J.....</b>  | <b>32</b> |
| EKKI J Á EFTIR G EÐA K KOMI ÞAR Á EFTIR E, I, Í, Y, Ý, Æ, EI EÐA EY.....         | 32        |
| SKRIFA SAMKVÆMT FRAMBURÐI ÆJA, ÝJA, EYJA, ÆJU, ÝJU, EYJU .....                   | 32        |
| EKKI J Á UNÐAN I.....  | 33        |
| EÐ BORID ER FRAM JE SKAL RITA É.....   | 34        |
| EKKI J Á MILLI ORÐHLUTA Í SAMSETTUM ORÐUM .....                                  | 35        |

|   |           |
|---|-----------|
| <b>8. REGLUR UM F .....</b>   | <b>36</b> |
| F Í FRUMHLUTA ORÐS OG V Í VIÐSKEYTI .....   | 36        |
| HVORKI V Á UNÐAN SAMHLJÓÐA NÉ Í ENDA ORÐS .....                                       | 37        |
| HEYRIST B Á EFTIR SÉRHLJÓÐA OG Á UNÐAN L EÐA N ER RITAÐ F .....                       | 38        |
| HEYRIST M Á EFTIR SÉRHLJÓÐA OG Á UNÐAN N ER RITAÐ F .....                             | 39        |
| UPPRUNI RÆÐUR HVORT RITA SKULI F EÐA P/PP .....                                       | 40        |
| <b>9. SAMSETT EÐA EKKI.....</b>   | <b>41</b> |
| SAMSETT ORÐ ERU RITAÐ SEM EIN HEILD .....   | 41        |
| ORÐASAMBAND ER RITAÐ MEÐ AÐSKILDUM ORÐUM .....  | 42        |
| FORSKEYTI SKAL RITA ÁFÖST SEM OG ORÐSTOFNA MEÐ SAMA HLUTVERK.....                     | 43        |
| FYRIRBÆRI ÝMIST TÁKNAÐ MEÐ SAMSETTU ORÐI EÐA ORÐASAMBANDI .....                       | 45        |
| EIGNARFALL NOTAÐ SEM ÁHERSLUFORSKEYTI ER RITAÐ ÁFAST .....                            | 45        |
| FORSETNING EÐA SAMTENING ÚR FLEIRI EN EINU ORÐI ER RITAÐ MEÐ SJÁLFSTÆÐUM ORÐUM .....  | 46        |
| NOKKRAR FORSETNINGAR MEÐ NAFNORÐUM Í EIGNARFALLI MÁ RITA ÝMIST ÁFASTAR EÐA EKKI ..... | 46        |
| ATVIKSORÐ MYNDAÐ AF FALLORÐI EÐA SAMRUNA FALLORÐS OG SMÁORÐS RITAÐ Í EINU LAGI .....  | 47        |
| SAMSETT SÉRNÖFN ERU TENGD MEÐ BANDSTRIKI .....  | 48        |
| HEILD SEM EKKI ER MÖGULEGT AÐ RITA Í EINU ÓSLITNU ORÐI MÁ TENGJA MEÐ BANDSTRIKI.....  | 48        |
| <b>10. ÝMIS ATRIÐI.....</b>   | <b>49</b> |
| UM Z .....  | 49        |
| HLJÓÐVÍXL.....  | 50        |
| GS, KS OG X .....   | 51        |
| <b>11. HEIMILDASKRÁ.....</b>  | <b>52</b> |

## Formáli

Hugmyndin á bak við Réttitun.is er að bjóða upp á ókeypis efni um íslenska stafsetningu sem er hentugt að nota sem aðal- eða viðbótarnámsefni í skólastofu – en er jafnframt þægilegt uppflettirit fyrir almenning. Dreifing efnisins á vefsíðu var nokkuð augljóst val þar sem rafræn dreifing er ódýr, nær til mikils fjölda og býður upp á þá gagnvirkni sem krafist er af nútímanámsgögnum.

Lénið Réttitun.is varð fljótt fyrir valinu og má geta þess að það er skráð bæði með e og é. Það má segja að nýjasta útgáfa Internet Explorer vafrans, útgáfa sjö, hafi markað tímamót í sögu Íslands á Netinu. Nú geta nefnilega allir sem hafa nýjustu uppfærslur sinna vafra notað lén með séríslenskum bókstöfum.

Kennarar sem vilja nota efnið í kennslu mega prenta það út og ljósrita fyrir nemendur að hluta eða í heild án sérstaks leyfis. Helsta skilyrðið fyrir því er að ekki verði innheimt gjald af nemendum, hvort sem það heitir ljósritunargjald eða eitthvað annað. Vinsamlegast virðið tilraun höfundar til að minnka útgjöld nemenda með því að bjóða efnið ókeypis.

Þó að ekki þurfi leyfi til að nota efnið væri gaman að fá tölvupóst frá þeim sem hyggjast nota það í kennslu. Hvort sem verið er að ljósrita eina blaðsíðu eða efnið í heild er mikilvægt að fá að heyra viðbrögð kennara og nemenda. Einn kostur rafrænnar útgáfu er sá að auðvelt er að lagfæra smáatriði eftir á og verður að teljast líklegt að sá kostur verði nýttur – enda þótt reynt hafi verið að vanda til verksins.

Það kann að vekja athygli að í skjalinu sem boðið er til útprentunar eru engar æfingar fyrir nemendur. Hugsunin er sú að gagnvirku æfingarnar á vefnum séu mun skilvirkari aðferð til að æfa stafsetningu heldur en hefðbundnar eyðufyllingar og það sé eðlilegt að nota þær ef tölvukostur leyfir.

Ólafur Víðir Björnsson cand.mag, íslenskukennari við Verzlunarskóla Íslands veitti mér mörg góð ráð og honum þakka ég kærlega fyrir hjálpina. Sjálfur las ég fyrstu próförk en eins og áður segir verður efnið uppfært á vefnum ef ábendingar um mistök berast.

*Reykjavík í nóvember 2006*

*Anton Karl Ingason*

*anton@akademia.is*

## 1. Stór eða lítill stafur

Í íslensku eru tvær meginreglur um það hvenær rita skuli stóran staf. (1) Annars vegar skal rita stóran staf í upphafi málsgreinar og (2) hins vegar skal rita sérnöfn með stórum staf. Samnöfn og orð sem ekki eru nafnorð eru rituð með litlum staf.

Þessar almennu reglur duga þó ekki til að útkljá öll vandasöm sértilvik og því er nauðsynlegt að læra nokkrar reglur til viðbótar.

### ***Stór stafur í upphafi málsgreinar***

|           |   |
|-----------|---|
| Regla 1.1 | Í upphafi málsgreinar skal rita stóran staf |
|-----------|---|

Sjálfstæð málsgrein í upphafi texta og á eftir punkti, tvípunkti, spurningarmerki eða upphröpunarmerki hefst alltaf á stórum staf.

#### **Dæmi:**

*Ungir Íslendingar eru stórskemmtilegt fólk.  
„Hver segir að svo sé?“  
„Ég og presturinn höldum því fram.“  
Lokaorð prestsins voru: „Þetta er nett teiti.“*

Upptalning er ekki sjálfstæð málsgrein eins og sjá má í eftirfarandi dæmi.

*Ríkharður tók með sér alla nauðsynlega hluti í ferðalagið: tannkrem,  
sólarvörn, lakkrís og regnhlíf.*

### **Undantekning**

Á eftir semíkommu er ritaður lítill stafur. Ekki er mælt með mikilli notkun á semíkommum í íslensku en hana má þó setja í stað punkts milli málsgreina sem eru merkingarlega nátengdar.

*„Tilsvör foringjans voru tvíræð; því var skilningur manna hans  
takmarkaður.“*

### **Athugið**

Þó að punktar séu notaðir í skammstöfunum tákna slíkur punktur ekki enda málsgreinar. Því skal ekki ritaður stór stafur þar á eftir.

*Guðrún getur a.m.k. fengið vinnu í fiskbúðinni.*

### **Sérnöfn skal rita með stórum staf**

|           |                                   |
|-----------|-----------------------------------|
| Regla 1.2 | Sérnöfn skal rita með stórum staf |
|-----------|-----------------------------------|

Almenn regla um stóra og litla stafi í nafnorðum er sú að sérnöfn eru rituð með stórum staf en samnöfn með litlum staf.

### Nokkrir flokkar sérnafna:

a) Mannanöfn, gælunöfn, guðanöfn, eiginheiti dýra og hluta.

*Jesús, Toni, Fróði, Baldur, Óðinn*

b) Örnefni, t.d. landaheiti, götunöfn, heimsálfur og staðaheiti.

*Ísland, Vesturgata, Palestína, Eyjaálfa, Öxnadalsheiði, Fagriskógur*

c) Nöfn stofnana, félaga og flokka.

*Sameinuðu þjóðirnar, Menntaskólinn í Reykjavík, Samtök gegn súrmeti, Sjálfstæðisflokkurinn*

d) Bóka- og blaðaheiti.

*Morgunblaðið, Símaskráin*

e) Nöfn kvæða, tónverka og annarra listaverka.

*Kvæðið um fuglana, Tunglskinsónatan*

f) Þjóðaheiti, nöfn á íbúum svæðis eða landshluta skulu rituð með stórum staf.

*Ísraelar, Sturlungar, Ameríkanar, Grafarvogsbúar*

g) Nöfn á stjörnum og stjörnumerkjum.

*Satúrnus, Mars, Júpíter, Hríturinn*

### Athugið

Sé samnafn notað sem sérnafn skal það ritað með stórum staf. Í sumum tilvikum getur merking orðs þó ýmist verið sérnafn eða samnafn.

*Tjörnin, þ.e. Reykjavíkurtjörn, eða tjörnin.  
Fjörðurinn, þ.e. Hafnarfjörður, eða fjörðurinn.*

### Undantekning 1

Guðlegar verur eru iðulega ritaðar með stórum staf en undantekning frá þeirri reglu er djöfullinn sjálfur. Öll hans heiti eru rituð með litlum staf.

### Dæmi:

*satan, andskotinn, djöfullinn, fjandinn, kölski, fjárinn, skrattinn*

Athugið einnig að orðin guð og drottinn eru ýmist rituð með stórum eða litlum staf og telst hvorugt rangt.

## Undantekning 2

Ekki á það alltaf við að heiti himintungla séu rituð með stórum staf. Eftirfarandi eru kunnuglegar undantekningar:

*jörðin, sólin, tunglið, máni, sunna*

## Nafnorð dregin af sérnöfnum skulu rituð með stórum staf

### Regla 1.3 Nafnorð dregin af sérnöfnum skulu rituð með stórum staf

Eftirfarandi flokkar nafnorða eru ritaðir með stórum staf þegar þau eru dregin af sérnöfnum, og aðeins þegar þau eru dregin af sérnöfnum.

- a) Hátíðisdagar, tímabil o.þ.h. sem annars eru ætíð með litlum staf, (sbr. 1.8).

*Jónsmessa, Viktoríutímabilið, Sturlungaöld*

- b) Viðurnefni dregin af sérnöfnum. Annars eru þau með litlum, (sbr. 1.7).

*Sigurður Fáfnisbani*

- c) Heiti ýmissa fyrirbæra dregin af sérnöfnum.

*Laugardalsvöllur, Óskarsverðlaun, Hvalfjarðargöng*

## Undantekningar

Eftirfarandi orð teljast samnöfn og eru rituð með litlum staf jafnvel þó að þau séu dregin af sérnöfnum.

- a) Heiti á þjóðflokkum.

*indíánar, arabar*

- b) Fylgismenn stefna, t.d. stjórn málastefna og trúarbragða.

*sjálfstæðismaður, samfylkingarmaður, hitlerssinni, heimdellingur, múslimi*

- c) Nöfn trúflokka.

*lúterstrú, kalvínstrú, búddismi, íslam, ásatrú*

- c) Tegundir lífvera.

*baldursbrá, óðinshani, norðurlandssíld*

## Athugið

Illa fer á því að rita *múhameðstrú* eða *múhameðstrúarmaður* hvort heldur sem ritað er með stórum eða litlum staf – vegna þess að þeir sem aðhyllast þá trú sem átt er við telja það móðgun við anda trúar sinnar. Betra er að nota orðin *íslam* og *múslimi*.

## **Orð sem skeytt er framan við sérnafn með bandstriki**

Regla 1.4 Orð sem skeytt er framan við sérnafn með bandstriki skal rita með stórum staf.

Í þessum flokki eru viðurnefni sem skeytt er framan við sérnöfn og önnur orð sem gera frekari grein fyrir sérnafninu.

### **Dæmi:**

*Víga-Glúmur, Austur-Afríka, Nýja-England, Mið-Austurlönd*

### **Athugið**

Ef viðurnefni er skeytt aftan við sérnafn en ekki framan við það er viðurnefnið ritað með litlum staf nema það sé sjálft sérnafn. Enn fremur eru slík nöfn ekki tengd með bandstriki. Regla 1.7 fjallar um þetta.

## **Stytt eða breytt nafn stofnunar**

Regla 1.5 Í stytta eða breyttu nafni stofnunar er valfrjálst hvort notaður er stór eða lítill stafur, ef nafnið á aðeins við um eina stofnun og misskilningur er ólíklegur. Slík nöfn eru iðulega rituð með viðskeyttum greini.

Gætið þess að hafa samræmi í ykkar rithætti svo að sama orðið sé ekki skrifað ýmist með stórum eða litlum upphafsstaf. Það þykir ekki fallett.

### **Dæmi:**

*háskólinn eða Háskólinn*  
*raunvísindastofnun eða Raunvísindastofnun*  
*listaháskólinn eða Listaháskólinn*

### **Athugið**

Þó að stytt eða breytt nafn stofnunar eða fyrirtækis megi rita með ýmist stórum eða litlum staf skulu skammstafanir sömu aðila ritaðar með stórum stöfum – án punkta.

### **Dæmi:**

*HÍ, Háskóli Íslands*  
*LHÍ, Listaháskóli Íslands*

## Tungumálaheiti og lýsingarorð sem lýsa þjóðerni

Regla 1.6 Tungumálaheiti og lýsingarorð sem lýsa þjóðerni eru rituð með litlum staf. Auðveldast er að þekkja þessi orð á því að stofn þeirra endar næstum alltaf á -sk.

Hafið alltaf í huga að þó að -sk orðin séu rituð með litlum staf eru skyld sérnöfn rituð með stórum staf. Athugið vel heiti landa og þjóða: Ísland, Íslendingar. Um þau er fjallað í reglu 1.2.

### Dæmi:

*Ég þekki ítalskan bílstjóra sem talar pólsku.  
Þykja kenískar stelpur betri í krikket en þær frönsku?  
Þessi saga fjallar um norrænar valkyrjur.*

## Viðurnefni sem skeytt er aftan við sérnafn

Regla 1.7 Viðurnefni sem skeytt er aftan við sérnafn er rétt að rita með litlum upphafsstaf.

Flest viðurnefni falla í þennan flokk og eru rituð með litlum staf. Veitið því athygli að þessu er öfugt farið sé viðurnefni skeytt framan við sérnafn með bandstriki á milli. Þá er ritaður stór stafur samkvæmt reglu 1.4.

### Dæmi:

*Nonni netti, Sigurbjörg sæta, Alexander mikli, Siggi svartí*

## Undantekning

Vitanlega er viðurnefnið ritað með stórum staf ef það er sjálft sérnafn eða ef það er dregið af sérnafni.

### Dæmi:

*Bróðir minn er oft nefndur Siggi Svúi því hann er svo góður í sænsku.  
Vinkona mín talar svo mikið að hún er kölluð Kristín Kötlugos.*

## Heiti á dögum og tímabilum

Regla 1.8 Heiti á dögum og tímabilum eru rituð með litlum staf.

Nöfn á dögum og tímabilum, s.s. mánaðaheiti og söguleg tímabil eru flokkuð sem samnöfn og eru því rituð með litlum staf.

### Dæmi:

*föstudagur, júlí, jól, steinöld*

## Undantekning

Sé heitið dregið af sérnafni er það ritað með stórum staf samkvæmt reglu 1.3.

**Dæmi:**

*Viktoríutímabilið, Jónsmessa, Sturlungaöld*

## 2. N eða nn í greini eða endingu orðs

Reglur um það hvort rita skuli n eða nn í endingu orðs eru nokkrar og mismunandi hvað þarf að hafa í huga eftir því um hvaða orðflokk er að ræða. Helstu reglur verða kynntar hér til sögunnar en nemendur verða að þekkja helstu orðflokka svo að reglurnar nýtist.

### Nafnorð með viðskeyttum greini

|           |  |
|-----------|--|
| Regla 2.1 | Í nafnorðum með viðskeyttum greini skal rita jafnmörg n í hverju falli og í lausa greininum (hinn). Það sama gildir um eignarfornafnið <i>minn</i> og er það því þægilegur lykill að því hve mörg n skal rita. |
|-----------|--|

Til að finna hve mörg n eru í viðskeyttum greini bætum við einfaldlega eignarfornafninu *minn* framan við nafnorðið í réttu falli. Framburður á minn er þannig að enginn vafi leikur á um hvenær skal rita eitt n og hvenær tvö.

#### Dæmi:

*kötturinn* - *minn* köttur

*köttinn* - *minn* kött

*kettinum* - *mínum* ketti

*kennarinn* - *minn* kennari

*kennarann* - *minn* kennara

*kennaranum* - *mínum* kennara

### Karlkynsnafnorð

|           |   |
|-----------|---|
| Regla 2.2 | Um karlkynsnafnorð sem enda á -ann, -inn eða -unn gildir að rita skal nn í nefnifalli en n í þolfalli. Framburður er iðulega sá sami í þessum föllum svo að nauðsynlegt er að kanna hvert fallið er í hverju tilviki. |
|-----------|---|

Til að þekkja fallið er auðveldast að skipta orðinu út fyrir annað sem er mismunandi í öllum föllum. Orðið *miðill* hentar mjög vel í þeim tilgangi því að skýr framburðarmunur er milli allra falla og alltaf eru jafn mörg n í vafaorðinu og l í sama falli í orðinu miðill.

#### Dæmi:

*Þennan morgun* var fallegur *himinn* í Afríku.

*Þennan miðil* (*þf.*) var fallegur *miðill* (*nf.*) í Afríku.

#### Ýmis orð í þessum flokki:

*aftann, arinn, drottinn, himinn, jötunn, morgunn*

## Athugið

Gætið þess að rugla ekki saman nn endingu þessara orða og viðskeyttum greini. Þessi orð geta eins og önnur nafnorð bætt við sig greini og þá þarf bæði að gæta að reglu 2.2 og eins reglu 2.1 um viðskeyttan greini.

### Dæmi:

*Morguninn* eftir var *himinninn* ekki síður augnayndi.

*Miðilinn* (**þf.;***minn*) eftir var *miðillinn* (**nf.;***minn*) ekki síður augnayndi.

## Nöfn karla

Regla 2.3 (a) Karla(sér)nöfn sem enda á inn hegða sér nákvæmlega eins og önnur karlkynsnafnorð sem enda á -inn. Það skal rita nn í nefnifalli en n í þolfalli.

Skoðið til samanburðar reglu 2.2 þar sem tekin er fyrir beyging á orðum eins og himinn og morgunn.

### Sérnöfn í þessum flokki:

*Héðinn, Skarphéðinn, Kristinn, Óðinn, Reginn, Þórarinn, Þráinn, Muninn*

Reglan á einnig við um önnur sjaldgæfari nöfn sem enda á -*héðinn*.

Karlmannsnafnið Auðun(n) er ýmist ritað með n eða nn í nefnifalli. Það hegðar sér eins og ofangreind nöfn í þolfalli þar sem ritað er eitt n.

Regla 2.3 (b) Karla(sér)nöfn sem enda á -an hafa eitt n í öllum föllum.

### Sérnöfn í þessum flokki:

*Kjaran, Kjartan, Kvaran, Natan, Kiljan*

## Athugið

Eitt af heitum myrkrahöfðingjans, *satan*, fellur í þennan flokk og er því ætíð ritað með einu n. Munið að *satan* er ritað með litlum staf eins og fjallað er um í reglu 1.2.

## Kvenkynsnafnorð

Regla 2.4 Í kvenkynsnafnorðum sem enda á -un eða -an skal alltaf rita eitt n í öllum föllum.

Nafnorð í þessum flokki eru yfirleitt mynduð af sögnum og getur sama sögnin jafnvel tekið á sig báðar þessar endingar og myndað þannig kvenkyns nafnorð.

### Dæmi:

*hugsun* (af *hugsa*), *blessun* (af *blessa*), *bölvun* (af *bölva*),

*skipun* (af *skipa*), *boðun* (af *boða*), *ætlun* (af *ætla*)

## Sama sögnin myndar orð með báðum endingum:

*skemmtun og skemmtan (af skemmta), ætlun og ætlan (af ætla)*

## Athugið

Sérnafnið *Gefjun* fellur undir þessa reglu. *Gefjun* er gyðjunafn úr norrænni goðafræði en í nútímamáli sést það aðeins sem nafn á ullarfyrirtæki á Akureyri.

## Undantekning

Reglan um kvenkyns nafnorð sem enda á -un gildir ekki um fjögur orð sem hafa endinguna -kunn. Þessi orð eru skyld sögninni *að kunna* eru rituð með -nn í öllum föllum.

## Orðin fjögur sem enda á -kunn:

*einkunn, miskunn, vorkunn, forkunn*

Af þessum orðum er einkunn það eina sem er til í fleirtölu. Algengt er að fleirtalan sé ranglega rituð einkannir, en rétt fleirtala er einkunnir.

Vert er að benda á að orðið *forkunn* er í dag aðeins notað sem forskeyti í orðum eins og *forkunnarfagur*. Forskeytið er þá til áherslu og merkir afar- eða mjög-.

## Nöfn kvenna

|           |  |
|-----------|--|
| Regla 2.5 | Kvenmanns(sér)nöfn sem enda á -unn eru alltaf rituð með nn í öllum föllum. |
|-----------|--|

Nöfn í þessum flokki eru mynduð af nafninu *Unnur* og því eru alltaf rituð tvö n.

## Dæmi:

*Iðunn, Sæunn, Jórunn, Þórunn, Steinunn, Ingunn*

## Undantekning

Kvenmannsnafnið *Gefjun* (gyðjunafn) er ekki myndað af nafninu *Unnur* og fellur því ekki undir reglu 2.5 heldur reglu 2.4. Það er ritað með einu n.

## Hvorugkynsnafnorð

|           |   |
|-----------|---|
| Regla 2.6 | Hvorugkynsnafnorð sem enda á -an og -in skal rita með einu n í öllum föllum |
|-----------|---|

## Dæmi:

*gaman, líkan, megin*

## Lýsingarorð sem enda á -inn

Regla 2.7 Lýsingarorð (og lýsingarhættir) sem enda á -inn í karlkyni, eintölu, nefnifalli hafa jafnmörg n í hverju falli og eignarfornafnið minn í sama falli.

### Orð í þessum flokki:

*snúinn, bundinn, leikinn, fyndinn, fleginn*

Til að vita hvaða mynd af eignarfornafninu minn ljóstrar upp um hvort rita skuli n eða nn þarf að vita kyn lýsingarorðsins. Til að komast að því þarf að skoða með hvaða nafnorði lýsingarorðið stendur.

### Dæmi:

*Eiður er leikinn með boltann.*

*Lýsingarorðið stendur með orðinu Eiður (minn) og er því með nn.*

*Guðrún er leikin með boltann.*

*Lýsingarorðið stendur með orðinu Guðrún (mín) og er því með n.*

## -an reglan

Regla 2.8 Þau lýsingarorð (og lýsingarhættir) sem ekki enda á -inn og falla því ekki undir reglu 2.7 enda á -an í þolfalli karlkyni. Þetta á einnig við um smáorð sem enda á -an. Orð af þessu tagi enda aldrei á nn.

Algengast er að lýsingarorð í þessum flokki endi á -ur en það er þó ekki algilt.

### Lýsingarorð í þessum flokki:

*góður, kaldur, bættur, rauður, grænn, grannur, gamall*

### Lýsingarhættir í þessum flokki:

*skertan, reyndan, strengdan, hengdan*

### Fornöfn í þessum flokki:

*allan, engan, ýmsan, slíkan, áðan, þaðan, héðan, innan, utan, sunnan*

### Atviksorð í þessum flokki:

*síðan, áðan, þaðan, héðan, innan, utan, sunnan*

### 3. Hv eða kv

Aðalreglan um hv og kv er regla 3.1 en hún kveður á um að rita skuli spurnarorð með hv. Aðrar stoðir sem nefndar eru í reglum 3.2 og 3.3 eru ekki hefðbundnar stafsetningarreglur en eru þó fullgildar til þess brúks að átta sig á réttum rithætti tiltekinna orða.

Því miður er ekki hægt að gefa þægilegar reglur til að muna rithátt allra orða sem borin eru fram með hv/kv hljóði og þau verður að læra sérstaklega. Þeim verður að fletta upp í orðabók ef minnið bregst.

#### **Spurnarorð og orð dregin af þeim**

**Regla 3.1** Spurnarorð og orð dregin af þeim eru rituð með hv.

Þetta er eina hefðbundna stafsetningarreglan um orð þar sem ekki er ljóst samkvæmt framburði hvort rita skuli hv eða kv.

#### **Orð í þessum flokki:**

*spurnarfornöfn: hver, hvor, hvaða, hvílikur*  
*óákveðin fornöfn: einhver, hvorugur, sérhver*  
*spurnaratviksorð: hvar, hvaðan, hvert, hvernig*  
*samtengingar: hvort, hvorki - né*

#### **Merking ræður rithætti**

**Regla 3.2** Ef bæði tíðkast rithátturinn hv og kv er um að ræða tvö ólík orð og nauðsyn að þekkja merkingu beggja orða.

Margir eiga það til að flaska á þessum orðum í stafsetningu og þá sérstaklega þegar önnur merkingin er til muna sjaldgæfari í málinu en hin. Gætið því vel að samhengi textans og kunnið skil á báðum merkingum eftirfarandi orða svo þið vitið hvort rita skuli hv eða kv. Athugið að listinn er ekki tæmandi en hann nefnir þó algengustu orðin.

#### **Orð í þessum flokki:**

*hvað (spurnarfornafn) - kvað (sögnin að kveða)*  
*hvalir (sjávarspendýr) - kvalir (þjáningar)*  
*hvelja (húð) - kvelja (valda sársauka)*  
*hver (spurnarfornafn eða goshver) - kver (lítill bók)*  
*hviða (vindhviða) - kviða (kveðskapur, t.d. Ódysseifskviða)*  
*hví (hvers vegna) - kví (rétt fyrir dýr, færa út kvíarnar)*  
*hvísl (talað lágt) - kvísl (lækjarkvísl)*  
*hvika (hörfa) - kvika (hreyfast)*

## Athugið

Að sjálfsögðu gildir reglan einnig um orð dregin af hinum sem hafa verið talin upp.

### Dæmi:

*hvik*: *hviklyndur, hvikull*

*kvika*: *kvikur, kviksetja, kvikindi*

## Ritað eins og samsvarandi orð í dönsku

|           |  |
|-----------|--|
| Regla 3.3 | Ef samsvarandi orð í dönsku hefur ritháttinn hv eða kv gildir það sama í íslensku. |
|-----------|--|

Það kann að hljóma undarlega að vísa til dönsku í íslenskri stafsetningarreglu og viðurkennist að þetta er óhefðbundin regla. Hún er þó mjög gagnleg til að átta sig á ýmsum vafaorðum og er það athygli vert hve mörg orð í þessum flokki má stafsetja með því að styðjast við dönskukunnáttu.

### Dæmi um orð sem byrja á hv í dönsku og íslensku:

*hval* = *hvalur*

*hvalp* = *hvolpur*

*hvalv* = *hvelfing*

*hvas* = *hvass*

*hvede* = *hveiti*

*hvid* = *hvítur*

*hvil* = *hvíld*

*hvin* = *hvinur*

*hvirvel* (-vind) = *hvirfil* (-bylur)

*hvælve* = *hvolfa*

*hvæse* = *hvæsa*

*hvæsse* = *hvessa*

### Dæmi um orð sem byrja á kv í dönsku og íslensku:

*kvad* = *kvæði*

*kval* = *kvöl*

*kvarter* = *kvartil* (tungls)

*kvarts* = *kvarts* (steintegund)

*kvie* (sig ved) = *kveinka* (sér við)

*kvie* = *kvíga*

*kvik* = *kviklegur*

*kviksølv* = *kvikasilfur*

*kvinde-* = *kven-*

*kvist* = *kvistur*

*kvittering* = *kvittun*

*kvota* = *kvóti*

*kvæde* = *kvæði*

*kvæld* = *kvöld*

*kværk* = *kverkar*

## Önnur orð

Regla 3.4 Orð sem enda á hv eða kv og falla ekki undir reglur 3.1, 3.2 eða 3.3 verður að læra utanbókar.

Útilokað er að nefna öll orð í þessum flokki. Nokkur gagnleg verða talin upp en hér gildir að fletta orði upp í stafsetningarorðabók eða íslenskri orðabók sé maður í vafa um ritháttinn.

### Ýmis orð sem byrja á hv:

*hvammur = laut*  
*út um hvippinn og hvappinn = út og suður*  
*hvarfla að einhverjum = koma einhverjum til hugar*  
*hvati = það sem örvar eða flýtir*  
*súpa hveljur = standa á öndinni*  
*hvellur = snögg hávært hljóð*  
*hver = heit vatnsuppspretta*  
*hverfa = tynast*  
*hverfi = bæjarhluti*  
*hvika = hörfa, hætta við*  
*hvimleiður = leiðinlegur*

### Ýmis orð sem byrja á kv:

*kvabba = nauða um*  
*kvaðir = skyldur*  
*kvak = fuglahljóð*  
*kvarði = mælistika*  
*kvarta = kveina*  
*Kvasir = jötunn*  
*kvef = algengur smitsjúkdómur*  
*kveikja = láta loga, gangsetja*  
*kvíði = ótti*  
*kvikindi = dýr, skepna*

## 4. Tvöfaldur samhljóði

Hægt er að gefa nokkurn fjölda af flóknum reglum um hvenær skuli rita tvöfaldan samhljóða og hvenær ekki. Það verður þó ekki gert hér heldur verða sumar þær mikilvægustu útskýrðar og ábendingar gefnar um valin orð sem villur eiga það til að slæðast í. Um þau tilvik sem þessi kafli nær ekki yfir er nemendum bent á að nota stafsetningarorðabók.

### ***Tvöfaldur samhljóði á undan samhljóða ef stofn eða rót gefur það til kynna***

|           |   |
|-----------|---|
| Regla 4.1 | Tvöfaldur samhljóði er ritaður á undan samhljóða ef stofn eða rót gefur það til kynna. Á eftir samhljóða skal hins vegar ekki rita tvöfaldan samhljóða. |
|-----------|---|

Þetta telst vera aðalreglan um tvöfaldan samhljóða í íslensku og sú eina sem gefin er í opinberu stafsetningarreglunum. Stundum er einfalt að finna réttan rithátt með því að beygja vafaorðið en ef það dugar ekki verður að leita vísbendinga í skyldum orðum. Aðalatriðið er að finna mynd þar sem framburður er ótvíræður.

#### **Dæmi (önnur beygingarmynd í sviga):**

*flokks (flokkur), falls (fall), kepps (keppur), leppnum (leppur), drottna, (drottinn), þynnri (þunnur), brenndi (brenna)*

#### **Dæmi (skylt orð í sviga):**

*grimmð (grimmur), heppnast (happ), snilld (snjall), milljón (milli-), glettni (glettinn), drottning (drottinn), illska (illur), vinnsla (vinna), minnka (minni), slökkna (slökkva), rotnar (rotin), skepna (skapa)*

### ***Þessara með r en annarra og nokkurra með rr***

|           |  |
|-----------|--|
| Regla 4.2 | Rita skal þessara með r en annarra og nokkurra með rr. |
|-----------|--|

Þetta eru líklega þau fornöfn í íslensku sem oftast valda vandræðum í stafsetningu. Það er því augljós góður kostur að læra utanbókar hvernig þau eru skrifuð. Gott er að hafa í huga að orðin **annar** og **nokkur** enda á r en þann staf er ekki að finna í **þessi**.

#### **Þessara með r:**

*þessara, þessari, þessarar*

#### **Annarra og nokkurra með rr:**

*annarra, annarri, annarrar  
nokkurra, nokkurri, nokkurrar*

## Fornafnið ýmis og beyging þess

### Regla 4.3 Lærið beygingu fornafnsins ýmis utanbókar

Í einhverjum beygingarmyndum getur verið óljóst af framburði hvort rita skuli s eða ss þegar fornafnið ýmis er ritað. Rýnið í töfluna hér að neðan og gangið úr skugga um að hafa allar myndirnar á hreinu.

#### Eintala:

|              |                |              |
|--------------|----------------|--------------|
| <i>ýmis</i>  | <i>ýmis</i>    | <i>ýmist</i> |
| <i>ýmsan</i> | <i>ýmsa</i>    | <i>ýmist</i> |
| <i>ýmsum</i> | <i>ýmissi</i>  | <i>ýmsu</i>  |
| <i>ýmiss</i> | <i>ýmissar</i> | <i>ýmiss</i> |

#### Fleirtala:

|               |               |               |
|---------------|---------------|---------------|
| <i>ýmsir</i>  | <i>ýmsar</i>  | <i>ýmis</i>   |
| <i>ýmsa</i>   | <i>ýmsar</i>  | <i>ýmis</i>   |
| <i>ýmsum</i>  | <i>ýmsum</i>  | <i>ýmsum</i>  |
| <i>ýmissa</i> | <i>ýmissa</i> | <i>ýmissa</i> |

Veitið því athygli að bæði getur verið rétt eftir samhengi: ýmis og ýmiss.

## Um ss og sss í samsettum orðum

Regla 4.4 Ef fyrri hluti í samsettu orði endar á s og bætir þar að auki við sig endingunni s í eignarfalli er valfrjálst hvort ritað er s eða ss í samsetta orðinu.

Þó að samkvæmt reglunni sé þetta valfrjálst er tilhneiging í málinu til að sleppa einu s og nota þá ritháttinn sem er sá fyrri í eftirfarandi dæmum.

#### Dæmi:

*sjúkrahúsrúm eða sjúkrahússrúm*  
*sjúrkahússaga eða sjúkrahússaga*

## Undantekning

Í ýmsum sérnöfnum hefur skapast hefð fyrir ákveðnum rithætti og er rétt að virða þá hefð. Flettið upp vafaorðum ef þau koma upp.

#### Dæmi:

*Árneshreppur, Árnessýsla, Magnúsdóttir, Reykjanesskagi, Vigfússon*

## Athugið

Ef fyrri hluti endar á ss (einnig í nefnifalli) og sá síðari hefst á s skal rita sss.

#### Dæmi:

*hrossskrokkur, hasssali, rasssæri, krosssaumur,  
stásssstofa, stórkrossstjarna*

## **Sagnirnar hyggja, leggja og finna**

**Regla 4.5** Sagnirnar hyggja, leggja og finna hafa tvöfaldan samhljóða í sumum myndum en einfaldan í öðrum.

Sagnirnar hyggja og leggja hafa til dæmis gg í nútíð en annars g. Hér er gæfulegast að skoða allar kennimyndir sagnanna þriggja og greipa þær inn í máltilfinningu sína frekar en að rembast við að læra kauðslegar þumalfingursreglur. Það má reyndar segja að eigi við um allar reglur sem aðeins fjalla um fáein orð.

### **Sögnin hyggja:**

|               |              |               |              |
|---------------|--------------|---------------|--------------|
| <i>hyggja</i> | <i>hugði</i> | <i>hugðum</i> | <i>hugað</i> |
| <i>hygg</i>   |              | <i>hygði</i>  |              |

### **Sögnin leggja:**

|               |              |               |             |
|---------------|--------------|---------------|-------------|
| <i>leggja</i> | <i>lagði</i> | <i>lögðum</i> | <i>lagt</i> |
| <i>legg</i>   |              | <i>legði</i>  |             |

### **Sögnin finna:**

|              |             |               |               |
|--------------|-------------|---------------|---------------|
| <i>finna</i> | <i>fann</i> | <i>fundum</i> | <i>funduð</i> |
| <i>finn</i>  |             | <i>fyndi</i>  |               |

## **Ýmis snúin orð**

**Regla 4.6** Hér verða gefin nokkur dæmi um orð sem nemendur flaska iðulega á. Hvað önnur orð varðar er vísað á stafsetningarorðabók.

### **Nokkur erfið orð:**

*þorna (þó þurr/þerra)*  
*hollt og holt*  
*rottna (ef.ft. af rotta) og rotna (so. sbr. rotinn)*  
*reklar (þó et. rekill)*  
*lyklar (þó et. lykill)*  
*Atli (þó uppruni Attila)*  
*grennd (skylt granni)*  
*brúnka (þó brúnn)*  
*hálka (þá háll)*  
*Steinka (þó Steinunn)*  
*þynnka (skylt þunnur)*

### **Og fleiri:**

*vatn, bitna, kvikna, slitna, þrútna, blaktir, skemmta, skammta*

## 5. Sérhljóðar á undan ng og nk

Meginreglan um ng og nk er sú að rita skuli grannan sérhljóða þar á undan þó að framburður gefi annað til kynna. Frá þessu eru fáeinir undantekningar.

### ***Rita skal grannan sérhljóða á undan ng og nk nema uppruni krefjist annars***

|           |  |
|-----------|--|
| Regla 5.1 | Rita skal grannan sérhljóða á undan ng og nk nema uppruni krefjist annars. |
|-----------|--|

Grannir sérhljóðar eru: a, e, i, o, u, y, ö

Breiðir sérhljóðar eru: á, é, í, ó, ú, ý, æ, au, ei, ey

**Dæmi:**

*Ungi drengurinn angraði bankastjóran.*

### **Athugið**

Að sjálfsögðu er það ætíð samsvarandi grannur sérhljóði sem kemur þar sem borinn er fram breiður sérhljóði á undan ng og nk eins og eftirfarandi dæmi sýnir:

*á verður a: langur, gangur, svangur*

*ei verður e: mengun, lengi, tengi*

*í verður i: hringur, stingur, vinkill*

*ú verður u: lungu, bunga, tunga*

*ý verður y: yngri, dynkur, syngja*

*au verður ö: stöng, göng, blönk*

### **Undantekning 1**

Skrifa skal breiðu sérhljóðana ó og æ samkvæmt framburði á undan ng og nk.

**Dæmi:**

*vængur, kóngur, sæng, hængur, blængur, Klængur, vænkast*

### **Undantekning 2**

Ef ng eða nk er í orði án þess að g eða k tilheyri stofni orðsins er ritaður breiður sérhljóði þar á undan samkvæmt framburði.

**Dæmi:**

*seinka (sein), kveinka (kvein), brúnka (brún), sínkur (sín), þjónkun (þjóna)*

### Undantekning 3

Ef ng eða nk verður til í samsettu orði þannig að fyrra orðið endar á n og hið síðara byrjar á g eða k er ritaður breiður sérhljóði samkvæmt framburði.

#### Dæmi:

*víngerð, grínkvæði, fjngerður, fíngáróttur, túngarður, brúnköflótt,  
raungóður, laungetinn*

### Undantekning 4

Sögnin að hanga hegðar sér ekki samkvæmt reglunni heldur er rituð með breiðum sérhljóða í eftirfarandi myndum:

*héngu, hængju*

## 6. Y, ý og ey

Í nútímamáli heyrir ekki á framburði hvort rita skuli i eða y. Y og ý voru áður fyrir sérstök hljóð í íslensku sem komu fram við i-hljóðvarp og til að vita hvort skrifa skuli i eða y verður að skoða skyld orð.

Til að forða nemendum frá algengum villum er einnig nauðsyn að gefa ákveðnar reglur um hvenær skuli ekki rita y, ý eða ey.

Þar sem sumum finnst vandasamt að læra reglur um y er rétt að ítreka gagnsemi orðabóka í stafsetningarnámi hér. Góð stafsetningarorðabók vísar til uppruna og/eða skyldra orða sem hjálpar til við að læra og skilja rithátt vafaorða.

Þær reglur sem hér fara á eftir eru þess eðlis að sama orðið getur fallið undir fleiri en eina reglu. Til dæmis er oft bæði hægt að finna skylt orð í íslensku og í öðrum norrænum málum sem skýrir réttan rithátt. Það er svo auðvitað hverjum í sjálfs vald sett að grafa dýpra í leit að uppruna en hér er gert en flestir sætta sig við að læra einhver orð utanbókar þó að fræðilegar skýringar séu til á flestu.

### **Rita skal y, þegar o, u eða ju er í skyldum orðum**

|           |   |
|-----------|---|
| Regla 6.1 | Rita skal y, þegar o, u eða ju er í stofni orðsins eða skyldum orðum. |
|-----------|---|

Skyldleiki sem nota má til að rökstyðja y getur verið fjölbreytilegur en hér verða sýnd fáein dæmi.

Y kemur fram í lýsingarorðum sem hafa u í stofni frumstigs. Í stigbeygingu þeirra kemur fram y.

#### **Dæmi:**

*þungur, þyngri, þyngstur*  
*ungur, yngri, yngstur*  
*fullur, fyllri, fyllstur*

Stundum nægir að skoða hvernig orðið lítur út í öðrum orðflokkum. Ef vafaorðið er sögn getur samsvarandi nafnorð í mörgum tilvikum skorið úr um réttan rithátt.

#### **Dæmi:**

*lyfta (loft)*  
*gylla (gull)*  
*syrgja (sorg)*

### **Viðbótardæmi**

Eftirfarandi orð falla undir reglu 6.1 og er skyldleiki orðanna með ýmsum hætti. Gott er að lesa nokkrum sinnum í gegnum listann til að fá tilfinningu fyrir því hvenær og hvers vegna orð hefur y.

*brydda (bróddur)*  
*bylur (buldi)*  
*byrði (burður)*  
*gylla (gull)*  
*hygla (hugur)*  
*hylur (hóla)*  
*kynna (kunnur)*  
*kyssa (koss)*  
*lyfta (loft)*  
*lynda (lund)*  
*mynd (muna)*  
*nyt (not)*  
*pyngja (pungur)*  
*ryð (roði)*  
*syfja (sofa)*  
*syrnja (sorg)*  
*tyrfa (torf)*  
*typpi (toppur)*

## Undantekning

Orðið minni og afleidd orð (t.d. minning, minnisvarði) eru skrifuð með i þó að þau séu skyld sögninni muna sem er með u.

## Athugið

Skoðið með hliðsjón af reglu 6.1 reglur 6.3 og 6.4 en það eru sambærilegar reglur fyrir ý og ey.

## Í 8 sögnum er y aðeins í viðtengingarhætti þátíðar

|           |  |
|-----------|--|
| Regla 6.2 | Í sögnunum finna, spinna, vinna, binda, hrinda, vinda, springa og stinga er ritað y í viðtengingarhætti þátíðar en annars i. |
|-----------|--|

Þessar sagnir hafa i í nafnhætti (1. kennimynd) og af því kemur rithátturinn i í nútíð (bæði framsöguháttur og viðtengingarháttur). Viðtengingarháttur þátíðar er aftur á móti dreginn af 3. kennimynd með i-hljóðvarpi og því er skrifað y þar.

### Dæmi:

|                |               |                 |                 |
|----------------|---------------|-----------------|-----------------|
| <i>springa</i> | <i>sprakk</i> | <i>sprungum</i> | <i>sprungið</i> |
| <i>springi</i> |               | <i>spryngi</i>  |                 |

*Þó að blaðran spryngi í gær bíður Drífa eftir að eitthvað annað springi.*

|              |             |              |              |
|--------------|-------------|--------------|--------------|
| <i>vinda</i> | <i>vatt</i> | <i>undum</i> | <i>undið</i> |
| <i>vindi</i> |             | <i>yndi</i>  |              |

*Þó að Páll yndi þvottinn vandlega í morgun verður athugað hvort hann vindi vel í kvöld.*

## **Rita skal ý, þegar ú, jú eða jó er í skyldum orðum**

Regla 6.3 Rita skal ý, þegar ú, jú eða jó er í stofni orðsins eða skyldum orðum.

Þessi regla er sambærileg við reglu 6.1 sem segir hvenær y er ritað. Dæmi um skyldleika orða sem nota má sem rökstuðning er að finna í þeirri reglu en hér verða til viðbótar gefin fáein dæmi þar sem ý kemur fram.

Í nafnorðum sem hafa ú í stofni eintölu getur komið fram ý í fleirtölu.

### **Dæmi:**

*mýs (mús)*  
*lýs (lús)*

### **Viðbótardæmi**

Nokkur orð þar sem ýmis skyldleiki rökstyður ritun á ý.

*kýli (kúla)*  
*lýsa, lýsi (ljós)*  
*sýra (súr)*  
*brýn (brún)*  
*rýna (rúnir)*  
*sýki (sjúkur)*  
*sýn (sjón)*

### **Athugið**

Skoðið með hliðsjón af reglu 6.3 reglur 6.1 og 6.4 en það eru sambærilegar reglur fyrir y og ey.

## **Rita skal ey þegar au er í skyldum orðum**

Regla 6.3 Rita skal ey þegar au er í stofni orðsins eða skyldum orðum

Á sama hátt og reglur 6.1 og 6.3 gilda fyrir y og ý gildir regla 6.4 um ey. Dæmi um skyldleika orða sem nota má sem rökstuðning fyrir rithætti er að finna í reglu 6.1 en hér verða til viðbótar gefin fáein dæmi þar sem ey kemur fram.

### **Dæmi:**

*reykur (rauk)*  
*seytján (sautján)*  
*seyði (sauð)*  
*leysa (laus)*  
*Geysir (gaus)*  
*beygja (baugur)*  
*þeyta (þaut)*

## Athugið

Skoðið með hliðsjón af reglu 6.4 reglur 6.1 og 6.3 en það eru sambærilegar reglur fyrir y og ý.

### **Y samkvæmt skyldleika við norræn mál.**

|           |   |
|-----------|---|
| Regla 6.5 | Ef samsvarandi orð í norrænum málum er ritað með u, y eða ö (ø) er iðulega ritað y (eða ey) í íslensku. |
|-----------|---|

Norskukunnátta er gulls ígildi þegar reglu 6.5 er beitt og danska kemur einnig að góðum notum. Stundum má finna y rökstuðning í báðum þessum málum og jafnvel líka sænsku.

#### Dæmi:

*heyra (n. hǫyra, sæ. höra, d. hören)*

Hér látum við svo fylgja fáein orð til viðbótar ásamt skyldum norrænum orðum sem skýra y rithátt.

*bylgja (d. bølge)*

*greypa (n. grøypa)*

*mykja (n. myk, d. mөг)*

*myrkur (d. mørk)*

*pylsa (d. pølse)*

*sneypa (n. snøpe)*

*ylur (n. yl)*

## Athugið

Vel er hugsanlegt að finna megi fullnægjandi skylt orð bæði í íslensku og í öðru norrænu máli. Ekki þarf að hafa áhyggjur af því - rökin verða aðeins enn sterkari ef svo er.

### **Ekki y, ý, ey ef hljóðskiptin í-ei-i koma fyrir**

|           |  |
|-----------|--|
| Regla 6.6 | Ekki skal rita y, ý eða ey þar sem hljóðskiptin í-ei-i koma fyrir. |
|-----------|--|

Þetta er mikilvægasta reglan um hvenær á ekki að skrifa y, ý eða ey. Leggið hana vel á minnið og skoðið dæmin vandlega. Regla 6.6 á einnig við um orð dregin af þeim sögnum sem falla beint undir regluna.

#### Dæmi:

*grípa, greip, gripum, gripíð, grip, greipar*

*líta, leit, litum, litið, litur andlit*

*síga, seig, sigum, sigið, sig*

*skína, skein, skinum, skinið, tunglskin*

*slíta, sleit, slitum, slitið, slit, slitur*

## **Ekki y þar sem klofning (e(i) > ja,jö) kemur fyrir**

Regla 6.7 Ekki skal rita y þegar klofning (e(i) > ja, jö) kemur fram í orðinu eða skyldum orðum.

Leitið að skyldum orðum þar sem ja eða jö kemur í stað i hljóðsins. Ef svo er á samkvæmt reglunni ekki að rita y.

### **Orð í þessum flokki:**

*Birna (Bjarni)*  
*birta (bjartur)*  
*dirfska (djörf)*  
*fírðir (fjörður)*  
*firn, firnindi (fjar-)*  
*gildi (gjald)*  
*girnd (gjarn)*  
*hilla (hjalli) (hylla er með y ef skylt hollustu)*  
*hírð (hjörð)*  
*kilir (kjölur)*  
*míði (mjöður)*  
*skildir (skjöldur)*  
*spilla (spjöll)*

### **Athugið**

Eftirtalin orð á að skrifa með y þó að jö finnist í skyldum orðum.

*gyrða (gjörð)*  
*smyrja (smjör)*

### **Athugið 2**

Viðtengingarháttur þátíðar af sögnunum gjalda og gjalla er ritaður með y þó að ja finnist í nafnhætti. Þetta er vegna þess að viðtengingarháttur þátíðar telst alltaf dreginn af 3. kennimynd og þar er að finna u líkt og í sögnum í reglu 6.2.

|               |             |               |               |
|---------------|-------------|---------------|---------------|
| <i>gjalda</i> | <i>galt</i> | <i>guldum</i> | <i>goldið</i> |
| <i>gjaldi</i> |             | <i>gyldi</i>  |               |
| <i>gjalla</i> | <i>gall</i> | <i>gullum</i> | <i>gollið</i> |
| <i>gjalli</i> |             | <i>gylli</i>  |               |

## **Nöfn sem byrja og Ei og Ey**

Regla 6.8 Nöfn sem byrja á Ei og Ey er rétt að rita samkvæmt uppruna og/eða hefð

Nokkur fjöldi nafna í íslensku hefst á þessum stöfum. Flest þeirra hafa einhvern fjögurra forliða: Ei-, Ein-, Eið- og Ey-. Til viðbótar má þó t.d. nefna Eik og Eir.

## Nöfn sem byrja á Ei

*Eiðbjörg, Eiðný, Eiðunn, Eiður, Eiðvör, Eik, Eileif, Eilert, Eilíf, Eilífur, Eina, Einar, Einara, Einarbjörg, Einarðína, Einarína, Einarlína, Einarsína, Einbjörg, Einbjörn, Eindís, Einey, Einfríður, Einhildur, Einir, Einína, Einrós, Einrún, Einstínuveig, Einvarður, Einþór, Eir, Eiríka, Eiríksína, Eiríkur, Eirný.*

## Nöfn sem byrja á Ey

*Ey, Eybjörg, Eyborg, Eydís (\*), Eyfríður, Eygerður, Eygló, Eygrímur, Eyhildur, Eyja, Eyjalín, Eyjólfá, Eyjólfína, Eyjólfína, Eyjólfína, Eyjólfur, Eyleif, Eyleifína, Eyleifur, Eylín, Eylína, Eymar, Eymundur, Eyríður, Eyrós, Eyrún (\*), Eysteinn, Eyvar, Eyveig, Eyvindína, Eyvindur, Eyvör, Eyþór, Eyþóra, Eyþrúður.*

(\*) Dæmi eru um ritháttinn Eydís og Eirún en hann er afar sjaldgæfur og rétt að rita þessi nöfn alltaf með y nema vitað sé að nafn ákveðinnar konu sé ritað með i.

Nafnalistar í þessum kafla eru byggðir á bókinni Nöfn Íslendinga eftir Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson. Ef leitað er að upplýsingum um íslensk mannanöfn er sú bók auðug uppspretta fróðleiks – og einnig má benda á vefinn [www.mannanofn.com](http://www.mannanofn.com).

## Merking ræður rithætti

|           |  |
|-----------|--|
| Regla 6.9 | Ef bæði tíðkast rithátturinn i og y er um að ræða tvö ólík orð og nauðsyn að þekkja merkingu beggja orða |
|-----------|--|

Mörg íslensk orð hafa myndir sem falla undir reglu 6.9 og eru fáir aðrir kostir en að læra vandlega merkingu þeirra sem vafi er um. Neðangreindir listar eru hjálplegir til að auka þekkingu á algengum orðum af þessu tagi.

## Samhljóða orð með i og y

*millibil, tímabil, bil* beggja - *blindbyl, hvirfilbyl* (skylt buldi)  
*birgja, birgðir* (skylt bjarga) - *byrgja* (loka, hylja), *ábyrgð*  
*gómfilla* - *fylla* (skylt fullur)  
*firra* (vitleysa) - *fyrri* (á undan) (skylt for-)  
*firn* (ósköp), *firnindi* (öræfi) - *fyrnast* (falla úr gildi)  
*kjöflikki* (skylt flesk og flís) - *flykkist* (skylt flokkur)  
*girða* (með garði) - *gyrða* (með gjörð)  
*gildu* (sem eru í gildi, t.d. gildu peningana) - *gyldu* (skylt gjalda)  
*löggiltur* (hefur gildi) - *gyltur* (kvensvín)  
*greip* (á höndum, eða ávöxtur) - *greypa* (fella í t.d. gull eða minnisvarða)  
*hilla* (í skáp), *hillung* (blekking) - *hylla* (konung) (skylt hollur)  
*hrinur* (vindhviður eða lotur) - *hrynur* (skylt hrun)  
*iður* (líffæri), *hringiða*, *iðulega*, *iða* í skinninu - *yður* (þérun)  
*il* (á fæti) - *ylur* (hlýja)  
*kinda* (um sauðfé) - *kynda* (hita upp)  
*kinna* (á andliti) - *kynna* (skylt kunna)  
*kirkja* (guðshús) - *kyrkja* (háls), *kyrkingslegur* (virðist þrífast illa)  
*kirtill* (líffæri) - *kyrtill* (flík)

*kisu* (um kött) - *kysu* (skylt kjósa)  
*klif* (hæð, fjallaskarð, klettur) - *klyfjar* (byrði)  
*lifi* (lífinu) - *lyfi* (um meðal)  
*lynda* (skylt lund) - *Linda* (nafn konu)  
*list*, *listamaður*, *ritlist* - *lyst*, *matarlyst*, *lystisemdir*, *lystisnekkja* (skylt losti)  
*milduð* (gerð mildari) - *mylduð* (skylt mulið, mulningur)  
*millum* (ganga í millum) - *myllum* (sem mala korn)  
*minni* (muna), *vinnsluminni* (í tölvu) - *fjarðarmynni* (skylt munnur)  
*nit* (lúsaegg) - *nyt* (kemur að notum)  
*pilsa* (fatnaður, ft.ef. af pils) - *pylsa* (matur)  
*sin* (í líkama) - *synja* (neita), *nauðsyn*  
*skildi* (skylt skjöldur), *skilningur* - *skyldi* (skylt skulu)  
*skin*, *sólskin* - *skyn* (vit), *skynsemi*  
*viðarþilja* - *þylja* (skylt þula, þuldi)  
*skissa* (rissa upp) - *skyssa* (mistök, skylt skussi)  
*skitu* (kúkuðu) - *skytu* (skylt skjóta)  
*slippur* (skipaverkstæði) - *slyppur* (tómhentur, sbr. slyppur og snauður)  
*sifja* (tengsl, ef. af sifjar) - *syfja* (verða syfjaður, skylt sofa)  
*trilla* (lítill bátur) - *trylla* (trylltur, óður, skylt tröll, áður troll)  
*iðar* (hringiða, iða í skinninu) - *yðar* (sem þér eigið)  
*il* (á fæti) - *yl* (hlýju)  
*milli þilja* (þil er klæðning á vegg) - *þylja* (skylt þula)

### Samhljóða orð með í og ý

*bíð* (að bíða) - *býð* (skylt bjóða)  
*bíll* (ökutæki) - *strjálbýll* (skylt búa), *býli*  
*bíti* (í bítid eða so. að bíta) - *býti* (skipti), *bera úr bítum*, *býtibúr*  
*fíla* (heimspeki í HÍ eða so. að fíla eitthvað) - *fýla* (skylt fúlt, vond lykt)  
*fíll* (stórt spendýr með rana) - *fýll* (fuglategund) (skylt fúll)  
*eldgígur*, *Gígja* - *gýgur* (tröllkona), unnið fyrir *gýg*  
*bjarnarhíði* (leggjast í híði) - *kartöfluhýði* (skylt húð)  
*hírast* (húka) - *hýr* (glaðlegur), *líta einhvern hýru auga*  
*fjallshlíða* (ef.ft. af hlíð) - *hlýða* (gegna eða hlusta á)  
*hlíta dómi*, *skilja til hlítar* - *hlýt* (skylt hljóta)  
*hrís* (kjarr), *hrísgrjón* - *hrýs hugur* (skylt hrjósa)  
*ísa* (þekjast ísi), *áin var ísuð* - *ýsa* (fiskur)  
*kíll* (verkfæri eða lón, lækur) - *kýll* (leðurpoki, matarpoki, skylt kúla)  
*klíf* (klifra) - *klýf* (skylt kljúfa)  
*líður vel* - *lýður*, *lýðræði*  
*líkur* (svipaður), *lík* (dauður líkami), *líkindareikningur* - *lýkur* (skylt ljúka)  
*líta* (skylt leit, litum) - *lýta* (skylt ljótur)  
*mítur* (höfuðfat biskups) - *mýtur* (goðsagnir)  
*rífur* (skylt rífa, reif) - *rýfur* (skylt rjúfa)  
*ríkur* (efnaður) - *rýkur* (skylt rjúka)  
*ríma* (í kveðskap) - *rýma* (skylt rúm), *samrýma*, *útrýma*  
*síður* (helst ekki) - *sýður* (skylt sjóða)  
*síki* (skurður) - *sýki* (skylt sjúkur)  
*sín* (sbr. skammast sín) - *sýn* (skylt sjón)  
*heiðskír*, *skíra barn*, *skírdagur*, *skírteini* - *skýr* (greinilegur)

*skút (kúka) - skýtt (skylt skjóta)*  
*skriða (skylt skreið, skriðum) - skryða (skylt skriúð)*  
*stífa (stinna) - stýfa (höggva, skera, skylt stúfur)*  
*stíra (í augum) - stýra (skylt stjórn)*  
*tína ber - týna (skylt tjón)*  
*orðstír - Týr, Hjálmtýr*  
*þíða (bræða) - þýða bók, þýða forrit*

### Samhljóða orð með ei og ey

*breitt (svert, vítt) - breytt (breyta, skylt braut)*  
*ei (ekki) - ey (eyja)*  
*eiði (tangi), Eiðistorg - eyði (skylt auðn)*  
*eikur (tré) - eykur (bætir við)*  
*eira (ró), eirð - eyra (skynfæri)*  
*himingeimur - bensíngeymir*  
*geisa (æða yfir, t.d. eldur geisar) - geysast (hratt áfram), geysimikill*  
*hreifi (útlímur á sel), hreifur (ölvaður) - hreyfi (færi til)*  
*kleifur (unnt að klífa), gera kleift - kleyfur (unnt að kljúfa)*  
*leifa (skilja eftir) - leyfa (lofa, gefa leyfi)*  
*leiti (hæð), á næsta leiti (nálægt) - að mestu leyti, um kaffileytið*  
*meina (hindra) - meyna (þf. m.gr. af mey)*  
*meir (mikið) - meyr (mjúkur)*  
*neita (synja) - neyta matar (skylt naut, þ.t. af njóta)*  
*reiður (vondur) - steypireyður (hvalur)*  
*reifa (vefja umbúðum) - reyfa (ræna), reyfari*  
*akrein (fyrir bíla) - reyna (gera tilraun til)*  
*reik (stefnulaust ráf), reika um - reykt (skylt rauk), reykur*  
*reita til reiði, áreita - reyta (plokka, taka illgresi)*  
*reitur (afmarkað svæði) - reytur (smáræði), rugla saman reytum (hefja samband, giftast)*  
*seiða (töfra), seiði (ungir fiskar) - seyða (skylt sjóða), kjötseyði, súpa seyðið*  
*sneiða (skera) - sneyða (skylt snauður)*  
*teigur (landspilda, í golfi) - teygja (drekka í stórum sopum)*  
*þeir (þessir þarna) - þeyr (þíður vindur), hnjúkaþeyr*

### Leggja á minnið orð með óljósan uppruna

|  |
|--|
| Regla 6.10 Ef uppruni er ekki augljós er vænlegast að leggja rithátt á minnið. |
|--|

Ef reglur 6.1 til 6.9 duga ekki til að ákvarða hvort skrifa skuli í eða y verður að fletta orðinu upp í orðabók og læra það utanbókar. Ástæður ritháttar geta legið í fornu máli og fæstir hafa tök á að kryfja slík vísindi í hvert sinn sem í hljóð verður á vegi þeirra. Auðvitað kemur það svo líka fyrir að hugmyndaflug okkar nægir ekki til að koma auga á uppruna sem skýrir réttan rithátt - jafnvel þó við könnumst við upprunaorðið.

### Nokkur snúin orð:

*kynstur, skyr, gys, forysta, kyrr, blý, sýkn, sylla*

## **Valfrjáls ritháttur**

Regla 6.11 Örfá fá orð er hvorki rangt að rita með i (í, ei) né y (ý, ey)

Um sum orð eru ekki til neinar ótvíræðar reglur eða hefð sem sker úr um hvort rétt sé að rita i, í, ei eða y, ý, ey.

### **Dæmi:**

*peysa eða peisa*  
*skrýtila eða skrítla*  
*skrýtinn eða skrítinn*  
*ýtarlega eða ítarlega*  
*hýbýli eða híbýli*  
*mynta eða minta*  
*ábrystir eða ábristir*

## 7. J eða ekki j

Hljóðið j kemur oft fyrir í orðum þar sem ekki er rétt að rita bókstafinn j. Reglurnar í kafla 7 koma til hjálpar við að skera úr um hvenær rétt er að rita j og hvenær ekki.

### **Ekki j á eftir g eða k komi þar á eftir e, i, í, y, ý, æ, ei eða ey**

|           |  |
|-----------|--|
| Regla 7.1 | Ekki skal rita j á eftir g eða k komi þar á eftir e, i, í, y, ý, æ, ei eða ey. |
|-----------|--|

Í orðum eins og geta og kerfi heyrir j hljóð á eftir g og k og þó að hljóðið sé ekki alltaf mjög greinilegt í orðum af þessu tagi kemur það oft fyrir að þar sé bókstafurinn j ranglega ritaður. Með því að skoða dæmi um orð í þessum flokki fæst betri tilfinning fyrir réttri stafsetningu þeirra.

#### **Dæmi:**

*Giljagaur hefur aldrei komið til Kína.  
Þessi kilja fjallar um gerbakstur.*

#### **Orð í þessum flokki:**

*geta, ger, gildur, gildra, Giljagaur, gína, gylling  
kerfi, kerra, kilja, kínín, Kína, kylfa, kylliflatur*

### **Undantekning**

Rita skal je samkvæmt framburði í orðum sem enda á -jendur þó að g eða k komi þar á undan samkvæmt reglu 7.4.

#### **Dæmi:**

*fylgjendur  
syrgjendur  
samþykkjendur  
umsækjendur*

### **Skrifa samkvæmt framburði æja, ýja, eyja, æju, ýju, eyju**

|           |  |
|-----------|--|
| Regla 7.2 | Skrifa skal samkvæmt framburði æja, ýja, eyja, æju, ýju hvort sem um er að ræða orð eða hluta orðs.. |
|-----------|--|

Reglu 7.2 má einnig orða þannig að á eftir æ, ý og ey er ritað j ef á eftir kemur a eða u. Sú framsetning reglunnar er sambærileg við reglu 7.1 en auðvelt er að fá tilfinningu fyrir reglunni með því að skoða dæmi.

#### **Dæmi:**

*Sjáið hvað pæjurnar hlæja meðan þær rýja rollur þennan hlýja sumardag.  
Spæjarinn arkaði ótrauður milli bæja með kynngi magnaðar græjur.*

### Orð í þessum flokki:

*bæjar, blæja, græja, hlæja, jæja, klæja, pæja, spæjari, áfrýja, flýja, skýja, eyjar, heyja, óþreyja, náttreyja, yngismeyja*

### Undantekning 1

Ef framburður orðhlutanna sem regla 7.2 fjallar um kemur fram við myndun á samsettu orði er ekki ritað j milli orðanna. Þessi undantekning er í raun sértilvik af reglu 7.5 og er algengast að hún komi að notum í samsettum orðum sem byrja á ný-.

*nýaldarspeki, nýafstaðinn*

### Undantekning 2

Orð af erlendum uppruna falla ekki undir reglu 7.2.

### Dæmi:

*blýantur  
hýasinta (blómategund)  
Kenía*

### Athugið

Regla 7.2 gildir einnig um beygingarendingar orða. Gott er að hafa regluna í huga þegar eftirfarandi orð eru rituð í eignarfalli fleirtölu.

*hræ - hræjanna  
fræ fræjanna  
mey - meyjanna*

### **Ekki j á undan i**

|  |
|--|
| Regla 7.3 Ekki skal rita j á undan i þó að það heyrir í framburði. |
|--|

Regla 7.3 er til samræmis við reglu 7.1 um orð þar sem j hljóð kemur á eftir g eða k en bætir við öllum orðum með ji hljóði. Frá reglunni eru þó fáeinar undantekningar eins og oft vill verða.

### Dæmi:

*Gauí og ónefndur Svú hafa verið í frú undanfarið.  
Úlfur Úrúgvæi segir að netleikir séu prýðileg afþreying.*

### Orð í þessum flokki:

*Gauí, bæir, innsæi, Paragvæi, mótórhjólagaði, raunsæi, Úrúgvæi, Arú,  
batterúð, frú, Svú, valtyngur, rýng, afþreying, Færeyngur, Eyjapeyi*

## Undantekning 1

Sumar sagnir enda á ji í viðtengingarhætti nútíðar og er sú ending rituð samkvæmt framburði.

### Dæmi:

*berji*  
*veðji*  
*seðji*

## Undantekning 2

Íslensk nafnorð sem falla ekki undir regluna eru vilji, steðji, niðji, -verji, -herji.

### Dæmi:

*Friðrik framherji segir að þokkafulli Þjóðverjinn sé niðji forsetans.*

## Undantekning 3

Fáein orð af erlendum uppruna eru ekki rituð samkvæmt reglunni.

### Dæmi:

*Tadsjikistan*  
*sjimpansi (má einnig rita simpansi)*  
*jibbí*  
*Fídjíeyjar*

## **Ef borið er fram je skal rita é**

### Regla 7.4 Ef borið er fram je skal rita é

Venjur um það hvenær skrifað er je eða é hafa ekki alltaf verið ótvíræðar eins og sjá má ef gamlar bækur eru skoðaðar. Sem betur fer eru reglurnar nú skýrari og raunar er alltaf skrifað é að frátöldum fáeinum undantekningum.

### Dæmi:

*Félag allra óféta mun éta hérastöppu á árshátíðinni.*  
*Séra Pétur hefur aldrei séð tékkneska landsliðið spila.*

## Undantekning 1

Á eftir g og k er yfirleitt skrifað e þar sem je er borið fram. Fara skal eftir reglu 7.1 um þetta.

### Dæmi:

*getur, gerir, gerlar, gestur, geltir*  
*kefli, kennari, sker, kerfi, kerling*

## Undantekning 2

Rita skal je samkvæmt framburði í orðum sem enda á -jendur. Hafið til hliðsjónar reglu 7.1.

**Dæmi:**

*byrjendur, syrgjendur, fjendur, leigjendur, seljendur, spyrjendur, verjendur*

## Undantekning 3

Ef borið er fram -je í sögnum sem enda á -ri er rétt að skrifa e.

**Dæmi:**

*greri, neri, reri, sneri*

## Undantekning 4

Rita skal je samkvæmt framburði í upphafi orða af erlendum uppruna

**Dæmi:**

*jen, jeppi, Jesús, Jens, Jemen, Jerúsalem, jesúíti, Jenný*

## **Ekki j á milli orðhluta í samsettum orðum**

|           |  |
|-----------|--|
| Regla 7.5 | Ekki er ritað j á milli orðhluta í samsettum orðum |
|-----------|--|

Ef fyrri hluti samsetts orðs endar á y, æ eða ey og síðari hlutinn hefst á sérhljóða heyrir oft j hljóð í framburði en það á ekki að skrifa.

**Dæmi:**

*nýafstaðinn, nýöld, heyannir, blýeitrun, snæugla, hræódýr, blæösp, sæörn, Sæunn*

## Undantekning 1

Mannsnafnið Eyjólfur er ritað með j samkvæmt framburði.

## Athugið

Orðið heyannir kann að valda ruglingi í eignarfalli fleirtölu. Eignarfall fleirtölu af orðinu hey er borið fram eins en það er skrifað með j sem er hluti af endingu. Þetta breytir því ekki að rétt er að sleppa j ef um heyannir er að ræða.

*ef.ft. af hey: heyjanna*

*ef.ft. af heyönn: heyanna*

## 8. Reglur um f

Stundum er engin leið að heyra í framburði hvort rétt er að rita f eða aðra stafi eins og v eða p/pp. Þá skiptir máli hvar í orðinu hljóðið er, hvaða stafir koma á undan og eftir og loks kemur uppruni til hjálpar ef annað dugar ekki.

Rétt er að geta þess að f og v hljóð í upphafi orða valda engum vandræðum þar sem framburður segir þá til um rétta stafsetningu.

### **F í frumhluta orðs og v í viðskeyti**

|           |  |
|-----------|--|
| Regla 8.1 | Rita skal f í frumhluta orðs en v í viðskeyti ef framburður er tvíræður. |
|-----------|--|

#### **Dæmi:**

*Þegar Sölvi káfaði á safngripunum án leyfis varð Tryggvi ævareidur.  
Álfarnir efuðust ekki um að Tjörvi hefði skrökvað að þeim.*

Ef ekki er hægt að heyra í framburði hvort rétt er að skrifa f eða v þarf að ákvarða frumhluta orðsins til að hægt sé að beita reglunni á það. Frumhluti orðs er sá hluti sem helst í öllum myndum orðsins. Best er að taka stafi aftan af orðinu þangað til merking orðsins er glötuð. Stafur sem er nauðsynlegur fyrir merkinguna telst tilheyra frumhluta orðsins.

Stundum er erfitt að meta hvort stafur tilheyrir frumhluta eða ekki og hefur maður þá þann eina góða kost að fletta orðinu upp í (stafsetningar)orðabók.

*lífga  
lífg  
líf  
lí*

Þarna er frumhlutinn líf og því ritum við f. Ef stafurinn f er fjarlægður stendur aðeins eftir lí sem hefur enga merkingu.

*hæfur  
hæfu  
hæf  
hæ*

Hér helst merkingin í orðinu þegar eftir stendur orðhlutinn *hæf*. Að vísu er orðið hæ ekki merkingarlaust en þar er um að ræða annað óskýlt orð svo að það telst ekki með. Frumhlutinn er *hæf* og við skrifum því f.

#### **Ýmis orð með f í frumhluta:**

*erfi, gæfi, kálfur, álfur, lófi, rófa, tófa, húfa, glófi, grófan, þúfa, grúfa, káfa  
álfur, gefa, erfiði, efi, efast, afar, æfa, æfing efi, stofa, sef, hæfur, rífur, æfur,  
hafa, horfa, hefja, lífga, afar, ofar, erfiði silfur*

## Ýmis orð með v í viðskeyti:

*gervi, snævi, sjávar (af sjár), bölvá, örvar, sökkva, Sölvi, Tryggvi, Tjörvi, Hjörvar, uppgötva, smjörvi, vöðvi, döggar, glöggva, hrökkva, skrökva*

Þess verður að gæta sérstaklega að gervi og öll skyld orð og samsetningar eru rituð með v – algengt er að gerðar séu villur í slíkum orðum.

## Valfrjálst

Nokkur orð í íslensku má rita ýmist með v eða f. Þá er mikilvægast að gæta samræmis og virða óskir fólks um rithátt eigin sérnafna.

*Elva - Elfa  
Elvar - Elfar  
Siv - Sif  
Svava - Svafa  
Svavar - Svafar  
slavi - slafi  
slavneskur - slafneskur*

## Snúin orð

Ekki er hægt að telja hér upp öll orð þar sem erfitt er að segja til um hvort rita skuli f eða v. Hér eru nokkur slík en öðrum vafaorðum verður að fletta upp í orðabók.

## Snúin orð með v:

*ævi, ævareiður, ævinlega, ævintýri, lævis, mávur, fræva, frævill, Eva, Ævar*

Sumir rita ~~máfur~~ en það er ekki til samræmis við uppruna og leyfist ekki í æfingum á Réttitun.is vefsvæðinu.

## Athugið

Í samsettum orðum gildir reglan um hvern orðhluta fyrir sig.

*gervirjómi, sjávarföll*

## Athugið 2

Ritað er -æfi í orðunum *auðæfi, öræfi* og *andæfi* (skylt andóf).

## Hvorki v á undan samhljóða né í enda orðs

|           |   |
|-----------|---|
| Regla 8.2 | Hvorki er ritað v á undan samhljóða né í enda orðs. |
|-----------|---|

## Dæmi:

*Adolf fékk kvef eftir að hafa synt um Grænlandshaf í ofsaveðri.  
Eftir próf hafði Gústaf tíma til að senda Sif ástarbréf.*

Orð sem falla undir þessa reglu falla einnig undir reglu 8.1 sem er almennari. Þegar regla 8.2 gildir er þó oft einfaldara og fljótlegra að beita henni. Ef orð endar til dæmis á f/v hljóði er óþarfi að velta fyrir sér skiptingu í frumhluta og viðskeyti. Framburður á f er að jafnaði óljósari í enda orðs en á undan samhljóða í miðju orði og er ástæða til að líta á nokkur dæmi um það.

#### Orð sem enda á f:

*Adolf, lyf, afdrif, bréf, lauf, geisladrif, próf, líf, starf, hlíf, gjöf*

#### Undantekningar

Nokkrar undantekningar eru til frá reglunni eins og yfirleitt er.

#### Orð sem enda á v:

*bölv  
máv  
Siv*

#### Athugið

Ef einhver hluti samsetts orðs endar á f/v hljóði gildir reglan að sjálfsgöðu fyrir þann hluta orðsins.

*gólfefni  
hálfklárað  
skafrenningur  
Lofsöngur*

#### **Heyrist b á eftir sérhljóða og á undan l eða n er ritað f**

|           |   |
|-----------|---|
| Regla 8.3 | Ef b heyrist á eftir sérhljóða og á undan l eða n er ritað f. |
|-----------|---|

#### Dæmi:

*Fyrsti kafli fjallar um taflfélag sem dafnar í Keflavík.  
Best væri nefnilega að efla vefnaðarvörusafnið á Höfn.*

Algengast er að reglan komi fram í fjórum orðhlutum sem auðvelt er að muna og vera þar með nokkuð öruggur á reglunni. Hlutarnir eru: **afl**, **afn**, **efn** og **efl**. Ef framburður er m en ekki b gildir regla 8.4.

#### Orð í þessum flokki:

*stafla, afla, kafli, skaflar, safn, stefna  
efla, tefla, tafl, hæfni, nafn, Keflavík*

#### Undantekningar

Ýmis orð af erlendum uppruna falla ekki undir regluna.

**Dæmi:**

*bíblía*  
*obláta*  
*rúbla*  
*babla*  
*mubla*

**Athugið**

Milli samhljóða og l er rétt að rita b samkvæmt framburði.

**Dæmi:**

*Embla* (nafn úr goðafræði)  
*kumbl* (gröf, einnig ritað kuml)  
*sumbl* (setjast að sumbli)

**Heyrist m á eftir sérhljóða og á undan n er ritað f**

|  |
|--|
| Regla 8.4 Ef m heyrir á eftir sérhljóða og á undan n er ritað f. |
|--|

Þessi regla er hliðstæð reglu 8.3 en hér eru orðin sem undir regluna falla þó mun færri. Þessi regla kemur til sögunnar ef orðhlutarnir **efn** eða **afn** koma fyrir. Ef framburðurinn er b en ekki m gildir regla 8.3.

**Dæmi:**

*Nefndin krafðist þess að öll loford yrðu efnð.*  
*Jafnt geð er ekki tamt þeim sem hyggja á hefndir.*

**Orð í þessum flokki:**

*efndir*  
*efnt*  
*hefnd*  
*nefndi*  
*nefndarstörf*  
*jafnt*

**Athugið**

Þar sem hljóðið n heyrir ekki í orðum af þessu tagi þarf að skoða stofn ef óvissa ríkir um hvort orðið tilheyrir reglunni. Mörg orð hafa svipaðan framburð án þess að hafa n og er rangt að stinga f inn í þau.

**Dæmi:**

*tamt*  
*samt*  
*skammt*

## Uppruni ræður hvort rita skuli f eða p/pp

### Regla 8.5 Uppruni ræður hvort rita skuli f eða p/pp

Þegar maður er óviss um hvort rita skuli f eða p/pp er helsta ráðið að skoða skyld orð og vita hvort auðveldara sé að finna réttan rithátt í þeim. Þó að framburðurinn sé tvíræður í vafaorðinu er hann oft alveg ljós annaðhvort í öðrum myndum sama orðs eða öðrum náskyldum orðum. Dugi þetta ekki er eina úrræðið að fletta orðinu upp í stafsetningarorðabók.

#### Dæmi (skylt orð/orðmynd í sviga):

*krefst (krefja), þreps (þrep), þreifst (þrífa), tæpt (tæpur), yppa (upp), gróft (grófur), gifta (gefa), gapti (gapa), skipta (skipa), keypti (kaupa), kleipst, (klípa), hreifst (hrífa)*

#### Athugið

Eins og lesendur bókanna um Tinna nokkurn ættu að kannast við er hægt að rita mannsnafnið Skafti á tvo vegu: Skafti og Skapti. Hvorugt er rangt og engin regla þar um nema að virða óskir þeirra sem bera nafnið.

## 9. Samsett eða ekki

Alltaf skal rita samsett orð sem eina heild en stundum er vandi að ákveða hvort um er að ræða samsett orð eða orðasamband sjálfstæðra orða. Aðalreglurnar eru 9.1 og 9.2 en þær sem á eftir koma hjálpa til í tilvikum sem stundum rugla nemendur.

### Samsett orð eru rituð sem ein heild

|           |   |
|-----------|---|
| Regla 9.1 | Samsett orð eru rituð sem ein heild. Fyrri hluti beygist að jafnaði ekki í samsettum orðum. |
|-----------|---|

Fallorð eru sett saman á þrjá vegu: fast samsett, laust samsett og samsett með bandstaf.

1) **Fast samsett** orð hefur fyrri hluta án beygingarendingar (stofn).

#### Dæmi:

*staðsetning, stólfótur, málfræði, mannkyn, hesthús, langleitur, nýliði, dagblað, kynlíf, endurskoðun, hlutafé, metaðsókn, nútímabókmenntir, vinsæl, fullveldi, drepsótt, morðsaga, flugvél*

2) **Laust samsett** orð hefur fyrri hluta (yfirleitt í eignarfalli) með beygingarendingu.

#### Dæmi:

*kóngsdóttir, blómabúð, ástarbréf, kærustupar, kattaskítur, tilfinningarök, stríðsmaður, kvíðaröskun, frekjuskarð, kerlingabók, elliheimili, bílablað, Bandaríkin, breytingatillaga, staðsetningarvilla*

3) **Bandstafssamsetning** er þannig að sérhljóða eða s er skeytt milli orðhluta. Sá bókstafur er þá hvorki hluti af stofni né beygingarending.

#### Dæmi:

*fiskiskip, slökkvilið, beitiland, föruneysi, gylliboð, sendiferð, bætiefni, fellihýsi, fylgiskjal, gubbapest, hrekkjusvín, kurteisisheimsókn, hreinsiefni*

### Undantekning

Ýmis örnefni og fáein samnöfn hafa sem fyrri lið veikt lýsingarorð sem beygist eins og í orðasambandi, en samt er rituð ein heild.

#### Dæmi (þf. í sviga):

*Breiðifjörður<sup>1</sup> (Breiðafjörð), Ljósifoss (Ljósafoss), Langidalur (Langadal), Hæstiréttur (Hæstarétt), langatöng (löngutöng), Miklabraut (Miklubraut), stóratá (stórutá)*

<sup>1</sup> Í nefnifalli er ýmist ritað Breiðifjörður eða Breiðafjörður

## Orðasamband er ritað með aðskildum orðum

|           |  |
|-----------|--|
| Regla 9.2 | Orðasamband, þar sem fyrri hlutinn eða báðir beygjast, er ritað með aðskildum sjálfstæðum orðum. |
|-----------|--|

Þessa reglu er auðvelt að muna og yfirleitt er lítil vafi þegar henni er beitt. Nemendur gera þó nokkuð oft villur í nokkrum orðasamböndum og er nauðsyn er að þekkja þessar gildirur.

### Alltaf orðasamband:

*annað hvort (þgf. öðru hvoru), hvor tveggja (þf. hvorn tveggja)*

Fyrri hluti samtengingarinnar **annaðhvort - eða** er þó ritaður í einu orði.

### Orðasamband ef eftirfarandi orð eru annar liðurinn:

*háttur: lítils háttar, mikils háttar, þess háttar*

*tími: nokkurn tíma, einhvern tíma*

*kostur: alls kostar, eins kostar, að minnsta kosti*

*kyn: hvers kyns, alls kyns*

*konar: annars konar, hvers konar, ýmiss konar, nokkurs konar*

*vegna: hvers vegna, þess vegna*

*staðar: alls staðar, annars staðar, einhvers staðar, nokkurs staðar*

*vegur: annars vegar, hins vegar, einhvern veginn, engan veginn*

## Varúð 1

Alltaf skal rita **enn þá** og **enn fremur** í tveimur sjálfstæðum orðum því það eru orðasambönd.

## Varúð 2

Orðasambönd með konar og kyns eru stundum rituð sem ein heild en frekar er mælt með að halda sig við regluna<sup>1</sup> og rita tvö sjálfstæð orð (**ýmiss konar**). Séu orðin dregin saman er rétt að rita hvort orð í samsetningunni fullum stöfum og rita þá *ýmisskonar* en ekki ~~ýmiskonar~~ eins og stundum sést – jafnvel í virðulegum texta. Hvað sem þessum *valkosti* líður viðurkennir Réttitun.is aðeins rithátt í tveimur orðum enda þykir hann réttastur.

## Undantekning 1

Orðasamband send endar á **megin** má rita sem eina heild ef fyrri hlutinn er fornafn sem endar á **-um**. Fornöfn sem endar á **-um** hafa tvö atkvæði og nefnast samkvæmt því tvíkvæð fornöfn. Í æfingum á Réttitun.is verður þó að rita þessi orð í tveimur orðum.

### Orð í þessum flokki:

<sup>1</sup> Ritreglur teknar saman í Íslenskri málstöð: „Sambönd með konar eða kyns má þó rita sem eina heild en fremur er mælt með rithætti í tveimur orðum.“

*báðum megin eða báðumegin  
hinum megin eða hinumegin  
öðrum megin eða öðrumegin*

## Undantekning 2

Orðasamböndin **alls staðar** og **sums staðar** má rita sem eina heild en þá falla út stafir svo að úr verða orðin: **alstaðar** og **sumstaðar**. Sama gildir hér og að ofan – rita skal tvö aðskilin orð í æfingum á Réttitun.is.

## Undantekning 3

Orðin hinseginn og þanneginn er rétt að rita sem eina heild þó að uppruni þeirra sé í fornum orðasamböndum.

## Athugið

Orðin fjarska og einkar eru atviksorð sem á alltaf að rita sjálfstæð. Það er rangt að rita þau sem hluta af heild hvort sem tengt væri með bandi eða ekki.

## **Forskeyti skal rita áföst sem og orðstofna með sama hlutverk**

|           |   |
|-----------|---|
| Regla 9.3 | Forskeyti skal rita áföst og orðstofna sem gegna slíku hlutverki. |
|-----------|---|

Forskeyti eru ekki sjálfstæð orð og því eru þau alltaf rituð áföst. Orðstofnar gegna stundum svipuðu hlutverki og gildir þá sama regla. Allmargir liðir af þessu tagi eru í íslensku og eiga þeir það sameiginlegt að samræmast reglu 9.1 – þeir beygjast ekki.

### Dæmi:

*aðaltenging, alvondur, andspyrna, formaður, frumgerð, fullveldi,  
gagnaðgerð, gerólíkur, gjörsigrúð, meginstefna, mismæli, nýdauður, orsaka,  
ógeðslegur, samkynhneigð, síhóstandi, torfærur, vanlíðan, öndverð, örgjörvi*

## Athugið

Orð sem hefjast á **all-**, **hálf-**, **jafn-** og **lang-** eru rituð sem ein heild.<sup>1</sup> Þau má þó tengja með bandstriki ef það hentar betur. Þessi orð er stundum vandasamt að rita vegna þess að áherslan getur verið jafnþung á báða liði í framburði.

### Dæmi:

*allmargar, allsérkennilegur, allstrangur, allsterkur, all-furðulegt, hálfviti,  
hálfáttæður, hálfmáni, hálf-systkini, hálf-klikkaður, jafnfallinn, jafnslétta,  
jafntefli, jafndægri, jafnrétti, jafn-skemmtilegur, langafi, langhlaup, langlíf,  
langstærstur, langstökk, langfallegust, lang-fjölbreyttast*

<sup>1</sup> Samkvæmt sumum bókum er stundum leyfilegt að rita *jafn* laust frá lýsingarorðum og atviksorðum en samkvæmt auglýsingu menntamálaráðuneytis um íslenska stafsetningu er alveg ótvírætt að *jafn-* skuli alltaf vera áfast og er því fylgt hér.

## **Athugið 2**

Orðin afar, of og ofur eru rituð áföst nafnorðum en laus frá lýsingarorðum og atviksorðum.

### Dæmi:

*afarkostir, afarkaup, afar sæt, afar skemmtilegur, ofdrykkja, ofþjálfun, ofskynjanir, of vel, of sorglegt, ofurmenni, ofurleiðari, ofurselja, ofur vel*

### **Fyrirbæri ýmist táknað með samsettu orði eða orðasambandi**

|           |  |
|-----------|--|
| Regla 9.4 | Stundum er sama fyrirbærið ýmist táknað með samsettu orði eða orðasambandi |
|-----------|--|

Annars vegar er um að ræða nokkur ákveðin orð og hins vegar skáldlegan rithátt sem t.d. er að finna í kvæðum og málsháttum. Hið síðarnefnda er auðvelt að greina í framburði enda er þá ótvíræð þung áhersla á síðari lið.

### Dæmi um valfrjálsan rithátt:

*Íslendingasaga eða Íslendinga saga  
kristinn dómur eða kristindómur  
heiðinn dómur eða heiðindómur  
hægri flokkur eða hægri flokkur  
litli fingur eða litlifingur*

### Dæmi um skáldlegan rithátt:

*Brigðul er bardaga lukkan. Bljúg er barns lundin. Brauð er barns leikur.  
Hált er heims lofið. Hart er hrafns brjóstið. Misblíð er höfðingja hylli. Mjúk er móður höndin.*

### **Eignarfall notað sem áhersluforskeyti er ritað áfast**

|           |  |
|-----------|--|
| Regla 9.5 | Eignarfall sem notað er til að auka vægi eða styrk merkingar er ýmist ritað áfast síðari lið eða tengt með bandstriki. |
|-----------|--|

Slíkan forlið á alltaf að rita áfastan en eins og t.d. er gefinn kostur á í reglu 9.3 þar sem fjallað var um forliðina all-, hálf-, jafn- og lang- er hægt að velja þá málamiðlun að tengja með bandstriki ef nauðsyn þykir að greina á einhvern hátt milli orðhlutanna, sem er þó aldrei stafsetningarleg krafa.

### Dæmi:

*afbragðsskáld, afbragðsnemandi, aftakabylur, aftakaveður, ágætiseinkunn, ágætismanneskja, fjöldaframleiðsla, fjöldamorð, forkunnarfagur, furðuvera, furðufugl, nýtískuverksmiðja, nýtískunærbuxur, ódæmasóði, óskapaverk, óskapalæti, óvenjulöt, roknahlátur, undraveröld, undralyf*

Einnig væri rétt:

*afbragðs-skáld, afbragðs-nemandi, aftaka-bylur, aftaka-veður o.s.frv.*

## **Forsetning eða samtenging úr fleiri en einu orði er rituð með sjálfstæðum orðum**

Regla 9.6 Ef forsetning eða samtenging er orðin til úr fleiri en einu orði skal rita hvert upprunalegt orð sjálfstætt.

Í framburði eiga slík smáorð það til að renna saman í eitt en engin rök eru fyrir samruna þeirra í ritun.

### **Dæmi um forsetningar:**

*Pilturinn bjó á meðal frumskógardýra.  
En systir hans var á milli steins og sleggju.  
Hann þrammaði í gegnum frumskóginn.*

### **Dæmi um samtengingar:**

*Mér er sama þó að þú farir.  
Ég elska þig því að þú ert svo sætur.  
Hún fer til Ítalíu svo að hún verður líklega sólbrún.  
Ætli ég nái ekki prófinu enda þótt stærðfræði sé ekki mitt besta fag.  
Augun þín eru fallega græn eins og agúrka.  
Vébjörn horfir á rómantískar gamanmyndir til þess að fræðast um ástina.*

## **Athugið**

Samtengingin **annaðhvort ... eða** er rituð með fyrri hlutann sem eina heild. Komi orðasambandið *annað hvort* fyrir án þess að vera hluti af þessari samtengingu eru þó rituð tvö sjálfstæð orð samkvæmt reglu 9.2.

### **Dæmi:**

*Ég ætla annaðhvort að verða íslenskukennari eða bakari.  
Hvolpurinn er annaðhvort tík eða rakki.*

## **Nokkrar forsetningar með nafnorðum í eignarfalli má rita ýmist áfastar eða ekki**

Regla 9.7 Valfrjálst er hvort nokkrar forsetningar (t.d. norðan) sem stýra eignarfalli eru ritaðar áfastar nafnorði eða ekki

Þessar forsetningar eru örfáar og því auðvelt að læra þær. Hér gildir að rita það sem manni þykir best hljóma í hverju samhengi. Ekki er ákveðin regla til um slíkt val en aðeins hægt að vísa til máltilfinningar. Oft eru báðir rithættir prýðilegir.

### **Forsetningar í þessum flokki:**

*norðan, sunnan, austan, vestan,  
innan, utan, ofan, neðan*

### Dæmi:

*utan*garðs (*utan* garðs), *utankjörfundar* (*utan* kjörfundar), *norðanlands* (*norðan* lands), *utanskóla* (*utan* skóla), *utanbæjar* (*utan* bæjar), *utanlands* (*utan* lands), *innanlands* (*innan* lands), *austantjalds* (*austan* tjalds), *austanfjalls* (*austan* fjalls), *norðanvindur* (*norðan* vindur), *neðanmáls* (*neðan* máls), *neðansjávar* (*neðan* sjávar)

### Athugið

Ef ofangreindar forsetningar standa með öðru samsettu orði er öll heildin, þar með talin forsetningin, rituð í einu lagi.

### Dæmi:

*utan*garðsmaður, *austantjaldsþjóðir*, *innanlandsátök*, *utankjörfundaratkvæði*, *neðansjávarhellar*, *neðanmálsgreinar*

### Athugið 2

Orðin sem fjallað er um í þessari reglu teljast forsetningar ef þau standa með og stýra eignarfalli en ef ekki fylgir með þeim nafnorð flokkast þau sem atviksorð. Þegar svo er standa þau ein og enginn hætta á villum sem varða samsett orð og orðasambönd.

### Dæmi:

*Jólasveinninn er fyrir utan.*  
*Vindurinn blæs að austan.*

### **Atviksorð myndað af fallorði eða samruna fallorðs og smáorðs ritað í einu lagi**

|           |  |
|-----------|--|
| Regla 9.8 | Atviksorð sem orðið er til úr fallorði eða samruna fallorðs við smáorð skal rita sem eina heild. |
|-----------|--|

Sum þessara orða geta reyndar verið ýmist atviksorð eða forsetningar eftir því hvernig þau standa í setningum en hvort heldur sem er skal alltaf rita þau sem eina heild.

### Dæmi:

*núorðið, aðeins, alltaf, ávallt, nýlega, allsendis, framvegis, umhverfis, útbyrðis, aldrei, þannig, rösklega, sunnarlega, hvenær, gegnum, kringum, langtum*

### Athugið

Rétt er að rita **hvers vegna** og **vegna þess** í tveimur aðskildum orðum. Þetta eru talin vera orðasambönd.

## Athugið 2

Atviksorðin *norðan, sunnan, austan, vestan, innan, utan, ofan* og *neðan* geta staðið með eignarfalli og teljast þá forsetningar, sem valfrjálst er hvort ritaðar eru áfastar eða ekki. Um þetta er fjallað í reglu 9.7.

### **Samsett sérnöfn eru tengd með bandstriki**

Regla 9.9 Sérnöfn sem eru samsett með þeim hætti að seinni hluti eða báðir eru sérnafn eru tengd með bandstriki.

Ýmis dæmi eru til um mannanöfn sem viðurnefni er skeytt framan við með þessum hætti, en þetta á einnig við um önnur sérnöfn eins og t.d. örnefni og fyrirtækjaheiti. Báðir hlutar eru ritaðir með stórum upphafsstaf í sérnöfnum af þessu tagi samkvæmt reglu 1.4 um stóran og lítinn staf.

#### **Dæmi:**

*Lukku-Láki, Stóra-Bretland, Svarti-Pétur, Víga-Glúmur, Mið-Austurlönd, Austur-Evrópa, Nýja-England, Sjóvá-Almennar*

## Athugið

Sérnöfn þar sem viðurnefni er skeytt aftan við eru ekki tengd með bandi. Viðurnefnið er þá heldur ekki skrifað með stórum staf nema það sé sjálft sérnafn eða dregið af sérnafni samkvæmt reglu 1.7 um stóran og lítinn staf.

### **Heild sem ekki er mögulegt að rita í einu óslitnu orði má tengja með bandstriki**

Regla 9.10 Orð, tölur og tákn sem saman mynda heild en er þó ekki mögulegt með góðu móti að rita í einu orði má tengja með bandstriki.

Tölur, tákn og erlendar skammstafanir úr hástöfum eru dæmi um fyrirbæri sem er fremur óþjálmt að fella inn í samsett orð á íslensku. Þetta verður þó stundum ekki flúið og er þá rétt að tengja með bandstriki.

#### **Dæmi:**

*10%-hækkunin, FBI-rannsóknarlögreglukona, NATO-fundurinn, Háteigsvegur 232-B, þýsk-íslenskur, UNICEF-söfnunaráttak, Þórbergs-Þórðarsonar-stíllinn, ensk-íslensk orðabók, GATT-samningurinn, BA-ritgerð*

## 10. Ýmis atriði

### Um Z

Regla 10.1 Bókstafurinn Z er ekki notaður í íslensku nema í sérnöfnum af erlendum uppruna.

Fáein nöfn eru í þessum flokki og einnig má telja til ættarnöfn þar sem tannhljóð hafa fallið brott.

#### Dæmi:

*Zófónías, Zakarías, Zimsen, Haralz, Eggerz, Bjartmarz*

Einnig kemur það að sjálfsögðu oft fyrir að nöfn útlendinga koma fyrir í texta sem annars er ritaður á íslensku. Fjölmörg arabísk, grísk, hebresk og afrísk nöfn byrja á Z, a.m.k. þegar þau eru rituð með latneskum stöfum. Það sama á við um örnefni af sama tagi.

#### Dæmi:

*Zorro, Zaahida, Zackary, Zelina, Zen, Zion*

### Undantekning

Sérnafnið Verzlunarskóli Íslands er oft ritað með z samkvæmt gamalli hefð. Þetta er þó ekki alltaf gert og getur ekki talist rangt að rita s í stað z. Valfrelsi verður því að ríkja hvað Verzlunarskólann varðar, en eins og í öðrum valfrjálsum orðum skal hver og einn gæta samræmis í sínum skrifum.

### Athugið 1

Tökuorðið pizza er samkvæmt Íslensku orðabókinni ritað pítsa (eða pítsa) á íslensku en þar sem rithátturinn pizza er notaður u.þ.b. 30 sinnum<sup>1</sup> í íslenskum texta fyrir hvert skipti sem ritað er pítsa (eða pítsa) er varla verjandi að halda því fram að rangt sé að rita pizza með zz. Regla sem það segði væri einfaldlega svo langt frá því að lýsa íslensku nútímaritnáli að gagnsemi hennar væri lítil. Vissulega má stundum segja að stór hluti Íslendinga geri sömu stafsetningarvilluna en rúmlega 96% er of yfirgnæfandi meirihluti til að hægt sé að halda því fram hvað þetta varðar. Réttitun.is viðurkennir því að ritað sé pizza með zz en valfrjálst er að nota hinn kostinn, pítsa kjósi maður það heldur.

Telji einhver að hér sé verið að eyða púðri í sjaldgæft orð má nefna að orðið pizza er um þrefalt algengara á íslenskum vefsíðum en orðið stóll.

### Athugið 2

Þegar erlend orð eru felld inn í texta á íslensku er rétt að rita þau eins og hefð er fyrir í því tungumáli sem þau tilheyra. Er bókstafurinn z engin undantekning frá því.

<sup>1</sup> Samkvæmt athugun á íslenskum vefsíðum 17. janúar 2006.

## Dæmi:

Á ensku eru dýragarður nefndur *zoo*. (ekki *soo*)

## Hljóðvíxl

Regla 10.2 Þegar stafirnir fl, gl og gn víxlast í framburði á undan d eða t má ekki víxla sömu stöfum í rituðu máli.

Á undan d og t víxlast stundum hljóð stafanna fl, gl og gn í framburði. Þó að hljóðin víxlist má ekki víxla stöfunum í stafsetningu orða þar sem þetta gerist. Algengast er að þetta komi fyrir í sögnum en þá er hægt að skoða nafnhátt og hugsanlega mynda nafnorð eða lýsingarorð af sögninni til að finna rétta stafaröð.

## Dæmi (skyldar orðmyndir í sviga):

*rigndi, rignt (rigna, rigning)*  
*gegnd, gegnt (gegna)*  
*kefldi, keflt (kefla, kefli)*  
*eflði, eflt (efla, efling)*  
*skefldi, skeflt (skefla, skafli)*  
*tefldi, teflt, tefldur (tefla, tafl)*  
*sigldi (sigla, sigling)*  
*negldi, neglt (negla, nagli)*  
*egndi, egndist (engjast, angist)*  
*hegndi, hegnt (hegna, hegning)*  
*höglđ (sbr. að hafa töglin og hagldirnar)*

## Athugið

Í sumum orðum gefur framburðurinn lf, lg og ng á undan d eða t vísbendingu um réttan rithátt. Það dugur því ekki að treysta að alltaf verði hljóðvíxl í orðum af þessu tagi. Sá sem er ekki viss verður að skoða skyldar beygingarmyndir orðsins til að skera úr um hvað sé rétt að skrifa.

## Dæmi um lf, lg og ng á undan d eða t:

*aðþrengdur (þrengja, þrenging)*  
*tengt (tengja, tenging)*  
*-gengt (sbr. ættgengt)*  
*gengd (ganga, sbr. fiskigengd)*  
*skelfdi, skelft (skelfa, skelfing)*  
*lengd (lengi, langur)*  
*svengd (svangur)*  
*fylgdi, fylgt (fylgja)*  
*velgd, velgt (velgja, volgur)*  
*útbelgdur, uppbelgdur (belgja, belgur)*  
*hengdi, hengt (hengja, henging)*  
*rengdi, rengt (rengja, rangur)*

## **Gs, ks og x**

### **Regla 10.3 Rita skal x nema g eða k finnist í stofni**

Ekki er munur á gs, ks og x í framburði. Til að skera úr um hvaða rithátt eigi að nota verður að kanna stofn vafaorðsins og skyld orð. Ef til er skyld orðmynd sem hefur g eða k en ekkert x (gs/ks) hljóð er gs/ks en annars x.

#### **Dæmi um orð með x:**

*lax, vax, buxur, sex, fax, kex, saxa, texti, Mexíkó, Öxará*

#### **Dæmi um orð með gs**

*hugsun (hugur), lags (ef. af lag), hangsa (hanga), vígsla (vígð)*

#### **Dæmi um orð með ks:**

*rakstur (raka), akstur (skylt aka), taks (ef. af tak), hneyksli (hneykja)*

### **Athugið**

Orðið lexía er ritað með x þó að fyrir því séu ekki augljósar ástæður.

## 11. Heimildaskrá

- Auglýsing um íslenska stafsetningu nr. 132/1974, með innfelldum breytingum skv. auglýsingu nr. 261/1977. Menntamálaráðuneytið.*  
<<http://www.hi.is/~eirikur/stafsreg.htm>> [Sótt 5. janúar 2006].
- Árni Böðvarsson. 1992. *Íslenskt málfar*. Almenna bókafélagið hf., Reykjavík.
- Árni Þórðarson og Gunnar Guðmundsson. 1969. *Kennslubók í stafsetningu handa framhaldsskólum*. 7. útgáfa, aukin og breytt. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík.
- Baldur Sigurðsson og Steingrímur Þórðarson. 1991. *Lykill að stafsetningu og greinarmerkjum*. Mál og menning, Reykjavík.
- Eiríkur Páll Eiríksson og Guðni Kolbeinsson. 1990. *Málfræði og stafsetning*. IÐNÚ, Reykjavík.
- Freysteinn Gunnarsson. 1942. *Ritreglur*. 2. útgáfa. Þorsteinn M. Jónsson, Akureyri.
- \_\_\_\_\_. 1955. *Stafsetningarorðabók*. 3. útgáfa, aukin. Þorsteinn M. Jónsson, Akureyri.
- \_\_\_\_\_. 1957. *Dönsk-íslensk orðabók*. Ísafoldarprentsmiðja hf., Reykjavík.
- Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson. 1991. *Nöfn Íslendinga*. Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar, Reykjavík.
- Gunnar Finnbogason. 1994. *Stafsetning*. IÐNÚ, Reykjavík.
- Halldór Halldórsson. [Án árs]. *Íslensk réttiritun. Leiðbeiningabók handa kennurum og öðru áhugafólki*. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík.
- \_\_\_\_\_. 1994. *Stafsetningarorðabók með skýringum*. 4. útgáfa. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Helga Sigurjónsdóttir. 1999. *Stafsetning. Kennslubók fyrir heimili og skóla*. 2. útgáfa. IÐNÚ, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Íslensk orðabók*. 1992. 2. útgáfa, aukin og endurbætt. Ritstjóri Árni Böðvarsson. Mál og menning, Reykjavík.
- Íslensk orðabók*. 2003. 3. útgáfa. Tölvuútgáfa. Ritstjóri Mördur Árnason. Edda, Reykjavík.
- Íslensk samheitaorðabók*. 1988. 2. útgáfa. Ritstjóri Svavar Sigmundsson. Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, Reykjavík.
- Jón Hilmar Jónsson. 2005. *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun*. JPV útgáfa, Reykjavík.

Ragnheiður Briem. 1995. *Réttitun handa framhaldsskólum*. Mál og menning, Reykjavík.

*Réttitunarorðabók handa grunnskólum*. 1999. 4. útgáfa. Ritstjóri Baldur Jónsson. Námsgagnastofnun og Íslensk málnefnd.

*Ritreglur*. 2004. Íslensk málstöð <[http://ismal.hi.is/Malfregnir\\_23\\_Ritreglur.pdf](http://ismal.hi.is/Malfregnir_23_Ritreglur.pdf)> [Sótt 5. janúar 2006].